



Háskólinn
á Akureyri

Heilbrigðisvísindasvið
Hjúkrunarfræðideild 2011

Áhrif slæmrar fjárhagsstöðu fjölskyldunnar á
lífsánægju og sálvefræna líðan grunnskólanemenda
árin 2006 og 2010

Bjarkey Gunnlaugsdóttir

Eydís Inga Sigurjónsdóttir

Fanný Rósa Bjarnadóttir

Lokaverkefni til B.S. gráðu í hjúkrunarfræði

Leiðbeinandi

Hafdís Skúladóttir, lektor

Verkefni þetta er lokaverkefni til B.S. gráðu í hjúkrunarfræði.

Verkefnið unnu:

Bjarkey Gunnlaugsdóttir

Eydís Inga Sigurjónsdóttir

Fanný Rósa Bjarnadóttir

**Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.S.
prófs í hjúkrunarfræði**

Hafdís Skúladóttir, leiðbeinandi

Útdráttur

Íslenska hagkerfið féll í djúpa efnahagslægd í kjölfar meiriháttar truflunar á alþjóðlegum fjármagnsmörkum. Þegar slíkt áfall hendir þarf að huga vel að innviðum samfélagsins.

Bernskan er mikilvægasta mótunarskeið einstaklings og hætt við að óöryggi á þeim tíma valdi alvarlegum eftirmálum á fullorðinsárum.

Tilgangur rannsóknar þessarar var að kanna hvort breytingar hafi orðið á lífsánægju og sálvefrænni líðan grunnskólanemenda frá því þau voru í 6. bekk árið 2006 og þar til í 10. bekk árið 2010 með það í huga að í millitíðinni varð efnahagshrun á Íslandi. Einnig hvort fjárhagsstaða fjölskyldunnar hefði áhrif á lífsánægju og sálvefræna líðan milli ára sem og hvort munur væri á milli kynja.

Fengin voru gögn frá Heilsa og lífskjör skólanema (HBSC) sem er hluti alþjóðlegrar könnunar sem framkvæmd er í Evrópu á fjögurra ára fresti í 6., 8. og 10. bekk og notuð lýsandi rannsóknaraðferð. Samtals svöruðu 7746 grunnskólanemendur spurningunum sem valdar voru til úrvinnslu, í 6. bekk árið 2006 voru það 3889 nemendur og í 10. bekk 2010 voru nemendurnir 3857. Í ljós kom að stúlkur mátu sálvefræna líðan sína verri en drengir bæði árin og einnig var lífsánægja þeirra minni en drengjanna árið 2010 en hafði verið meiri 2006. Þeim sem töldu fjárhagsstöðu fjölskyldunnar slæma og mátu lífsánægju undir 6 á stiga Cantrils fjölgaði milli ára. Einnig fjölgaði þeim sem töldu bæði fjárhagsstöðu fjölskyldunnar og sálvefræna líðan slæma milli ára sem er í samræmi rannsókn sem segir að verri félagshagfræðileg staða fjölskyldunnar eigi samleið með lakari heilsu barnanna.

Rannsakendur vonast til að niðurstöðurnar verði til þess að fagfólk innan heilbrigðiskerfisins og menntakerfisins verði meðvitaðra um áhrif fjárhagserfiðleika á það mótunartímabil sem bernskan er og áhrif þess fram á fullorðinsár. Þannig er hægt að koma viðeigandi fræðslu og aðstoð til þeirra sem þurfa á að halda.

Lykilhugtök: Grunnskólanemendur, lífsánægja, sálvefræn líðan, HBSC, slæm fjárhagsstaða.

Abstract

The Icelandic economy experienced a deep economic crisis following a major interruption in international stock exchange in the year 2008. Youth is the most important developmental period of a person's lifetime and if insecurity develops at that stage there might be risk of repercussions in adulthood.

The purpose of this study was to examine if there had been changes in life satisfaction and psychosomatic well-being of school-aged children from the time they were in the 6th grade (of Icelandic schools) in the year 2006 to the time they were in 10th grade in the year 2010 with the economic crisis in Iceland in mind.

Data was obtained from the study Health Behaviors in School-Aged Children (HBSC) which is part of a national survey that is administered to school-aged children in Europe every four years in the 6th, 8th and 10th grade and quantitative method is used. In total 7746 children answered the questions which were chosen to process, 3889 children from the 6th grade in the year 2006 and 3857 children from the 10th grade in the year 2010. The results show that girls evaluate their psychosomatic well-being to be worse than the boys both years. The girls also evaluate their life satisfaction to be worse in the year 2010 but life satisfaction was higher amongst girls in the year 2006. Children who evaluated their socioeconomic status to be poor and their life satisfaction under six in Cantril's ladder grew in numbers between years. There was also an increase in the group of children who evaluated their financial standing and their psychosomatic well-being to be poor which is in coherence with other research. Researchers hope that the results will make public health care workers and educational system workers more aware of the effect financial difficulties can have on a child's youth and it's journey to adulthood so proper education can be passed on to those who need it.

Key concept: school aged children, life satisfaction, psychosomatic well-being, HBSC, poor financial standing.

Efnisyfirlit

Útdráttur	iii
Abstract	iv
Myndaskrá.....	viii
Töfluskrá	ix
Þakkarorð	x
Kafl 1 Inngangur	12
Bakgrunnur rannsóknar	12
Tilgangur rannsóknar.....	15
Rannsóknarspurningar	16
Tilgátur	16
Skilgreining hugtaka.....	16
Val á rannsóknaraðferð.....	17
Gildi fyrir hjúkrun	18
Uppbygging skýrslu.....	18
Heimildaleit	19
Lykilhugtök	19
Kafl 2 Fræðileg umfjöllun.....	20
Lífsánægja grunnskólabarna.....	20
Sálvefræn líðan barna	25
Efnahagshrunið á Íslandi	27
Áhrif slæmrar fjárhagsstöðu á fjölskylduna.	27

Langtímaáhrif slæmrar fjárhagsstöðu á fjölskylduna	29
Samantekt	33
Kaflí 3 Aðferðafræði	34
Rannsóknaraðferð	34
Rannsóknarspurningar	35
Tilgátur	35
Úrtak og þýði	35
Gagnasöfnun og greining gagna	36
Mælingar	37
Siðferðislegar vangaveltur	39
Samantekt	40
Kaflí 4 Niðurstöður rannsóknarinnar	42
Lífsánægja grunnskólabarna	42
Fjárhagsstaða fjölskyldunnar	46
Tengsl lífsánægju við fjárhagsstöðu fjölskyldunnar	49
Sálvefræn líðan grunnskólabarna	51
Samantekt	63
Kaflí 5 Umfjöllun um niðurstöður rannsóknar	64
Hefur slæm fjárhagsstaða fjölskyldunnar áhrif á lífsánægju grunnskólanemenda?	64
Er munur á lífsánægju drengja og stúlkna fyrir og eftir efnahagshrun?	66
Er munur á sálvefrænni líðan drengja og stúlkna fyrir og eftir efnahagshrun?	67
Hefur slæm fjárhagsstaða fjölskyldunnar áhrif á sálvefræna líðan barna?	69

Samantekt	70
Kaflí 6 Notagildi rannsóknar og tillögur að framtíðarrannsóknum.....	72
Takmarkanir rannsóknarinnar	72
Hagnýtt gildi rannsóknar fyrir hjúkrun.....	72
Hagnýtt gildi fyrir hjúkrunarrannsóknir	73
Hagnýtt gildi fyrir hjúkrunarstjórnun	74
Hagnýtt gildi fyrir hjúkrunarmenntun	74
Hagnýtt gildi fyrir samfélagið	74
Tillögur að framtíðarrannsóknum.....	75
Samantekt	76
Heimildaskrá	77
Fylgiskjal A Spurningalisti HBSC fyrir 6. bekk 2006 (C-form).....	82
Fylgiskjal B Spurningalisti HBSC fyrir 10. bekk 2010 (fyrir eldri nemendur).	83

Myndaskrá

Mynd 4.1 Stigi Cantrils – lífsánægja.....	43
Mynd 4.2 Meðaltal lífsánægju grunnskólanemenda árin 2006 og 2010	44
Mynd 4.3 Meðaltal lífsánægju grunnskólanemenda eftir kyni og ártali	44
Mynd 4.4 Lífsánægja – skipting eftir kyni.....	45
Mynd 4.5 Fjárhagsstaða fjölskyldunnar að mati grunnskólanemenda.....	47
Mynd 4.6 Fjárhagsstaða fjölskyldunnar eftir kyni og ártali	48
Mynd 4.7 Skipting lífsánægju undir 6 eftir fjárhagsstöðu og ári	49
Mynd 4.8 Lífsánægja undir 6 og slæm fjárhagsstaða.....	50
Mynd 4.9 Sálvefræn líðan	52
Mynd 4.10 Sálvefræn líðan - drengir	53
Mynd 4.11 Sálvefræn líðan - stúlkur.....	54
Mynd 4.12 Áhrif fjárhagsstöðu á sálvefræna líðan	55
Mynd 4.13 Slæm sálvefræn líðan og fjárhagsstaða.....	56
Mynd 4.14 Skipting sálvefræna einkenna hjá drengjum	58
Mynd 4.15 Skipting sálvefræna einkenna hjá drengjum	59
Mynd 4.16 Skipting á sálvefrænum einkennum hjá stúlkum.....	61
Mynd 4.17 Skipting sálvefræna einkenna hjá stúlkum	62

Töfluskrá

Tafla 4.1 Stigi Cantrils - lífsánægja	42
Tafla 4.2 Hversu gott telur þú fjölskyldu þína hafa það fjárhagslega?	46
Tafla 4.3 Hlutfall mats á lífsánægju hjá þeim sem meta fjárhagsstöðu fjölskyldunnar slæma	50
Tafla 4.4 Sálvefræn líðan	51
Tafla 4.5 Skipting á sálvefrænum einkennum hjá drengjum.....	57
Tafla 4.6 Skipting á sálvefrænum einkennum hjá stúlkum.....	60

Þakkarorð

Við viljum þakka öllum þeim sem aðstoðuðu okkur við gerð þessa verkefnis. Sérstakar þakkir færur við leiðbeinanda okkar, Hafðísi Skúladóttur, fyrir styrka leiðsögn, uppbyggilega gagnrýni, þolinmæði og stuðning. Við viljum einnig þakka Kjartani Ólafssyni, lektor, fyrir góða leiðsögn á tölfræðilegum úrlausnum og fyrir afnot af rannsóknargögnum. Bergvini Oddssyni og Sigurjóni Ástmarssyni færur við þakkir fyrir yfirlestur verkefnisins og ábendingar.

Þá viljum við þakka fjölskyldum okkar og vinum fyrir stuðning, hvatningu og þolinmæði meðan á námi okkar stóð og hver annarri fyrir einstaklega gott og skemmtilegt samstarf.

**„Hin rétta mæling á stöðu þjóðar er hversu vel hún sinnir börnum sínum
– heilsu þeirra og öryggi, efnislegum þörfum þeirra, menntun þeirra og
félagsmótun og tilfinningu þeirra fyrir að vera elskuð, virt og hluti af þeirri
fjölskyldu og samfélagi sem þau fæðast til.”**

(The United Nations Children's Fund)

Kafli 1

Inngangur

Þetta verkefni er unnið vorið 2011 og er lokaverkefni til B.S. gráðu í hjúkrunarfræði við hjúkrunarfræðideild heilbrigðisvísindasviðs Háskólans á Akureyri (HA). Að þessu verkefni standa þrír fjórða árs hjúkrunarnemar við hjúkrunarfræðideild HA. Leiðbeinandi verkefnisins er Hafdís Skúladóttir lektor og formaður hjúkrunarfræðideildar HA. Heiti rannsóknarinnar er „Áhrif slæmrar fjárhagsstöðu fjölskyldunnar á lífsánægju og sálvefræna líðan grunnskólanemenda árin 2006 og 2010“.

Í þessum kafla verður fjallað um bakgrunn rannsóknarinnar. Farið verður yfir tilgang hennar og hvernig hún mun nýtast í hjúkrun. Rannsóknarspurningar og tilgátur eru settar fram og farið verður yfir rannsóknaraðferðina og meginhugtök innan rannsóknarinnar. Gildismat rannsakennda verður kynnt ásamt uppbyggingu verkefnis og lykilhugtökum hennar.

Bakgrunnur rannsóknar

Í október 2008 varð Ísland fyrir bankahruni sem á sér enga hliðstæðu. Þrír aðalbankar landsins urðu gjaldþrota, fjármagnsmarkaðir frusu og lokað var á fjármagnssamskipti við önnur lönd. Þjóðarbúið féll í djúpa efnahagslæggð í kjölfar meiriháttar truflunar á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum sem náði hámarki í september 2008 með gjaldþroti Lehman Brothers. Í kjölfarið urðu nær öll ríki innan Organisation for European Economic Co-operation Development (OECD) fyrir samdrætti í landsframleiðslu. Í kjölfar verðbólgu hækkðu fyrirtæki verð og laun drógust saman sem gerðu heimilum erfitt fyrir því í kjölfar þessarar efnahagslæggðar hefur atvinnuleysi aukist gífurlega í landinu (Organisation for Economic Co-operation and Development, 2009).

Í desember 2008 var atvinnuleysi 4,8% og fór hæst upp í 9,3% í febrúar og mars 2009. Í desember 2010 var atvinnuleysi á Íslandi 8,0% og voru þá 11,647 einstaklingar á atvinnuleysissskrá (Vinnumálastofnun, 2011). Í lífsskjararannsókn Hagstofu Íslands frá árinu

2010 kom í ljós að 10,1% heimila voru í vanskilum með húsnæði eða leigu, 13,3% voru í vanskilum þegar kom að öðrum lánum, 16,5% heimila töldu húsnæðiskostnað mikla byrði og 19,2% töldu önnur lán íþyngja sér. Næstum helmingur heimila átti erfitt með að ná endum saman og 36% gátu ekki mætt óvæntum útgjöldum. Því má segja að fjárhagsstaða heimilana hafi versnað töluvert frá ársbyrjun 2008 (Hagstofa Íslands, 2010a).

Á tíunda áratug síðustu aldar lenti Finnland í samskonar efnahagskreppu og hófst á Íslandi árið 2008. Þá féll finnska markið gífurlega, vextir hækkuðu, verð á fasteignum féll og fólk missti vinnuna. Það varð til þess að fólk missti heimili sín og í kjölfarið sundruðust fjölskyldur (Leinonen, Solantaus og Punamäki, 2002). Því má segja að félagslegt öryggi Finna hafi minnkað stórlega. Í þá daga gerðu finnsk stjórnvöld sér ekki grein fyrir hversu alvarlegar afleiðingarnar af efnahagshruninu gæti orðið og gerðu því ekki ráðstafanir til að bæta úr hugsanlegum skaða. Stjórnvöld gerðu þveröfugt við það sem reynslan hafði sýnt fram á hjá öðrum löndum. Heilbrigðisþjónusta var skorin niður í stað þess að bæta við félagslegum og sálrænum úrræðum fyrir börn og fjölskyldur í þessum harðindum og sálfræðimeðferðir voru ekki niðurgreiddar þar sem ekki var lagt aukið fjármagn til almannatrygginga. Í staðinn uppskar finnska ríkið mikinn kostnað í kjölfar aukningar á geðrænum vandamálum hjá almenningi og mesta aukningin var hjá einstaklingum 30 ára og yngri. Algengasta ástæðan fyrir auknum kostnaði innan heilbrigðiskerfisins var vegna þunglyndis. Þar af leiðandi var gríðarleg aukning meðal almennings af óvinnufæru ungu fólki og ungu fólki sem gat ekki stundað nám. Sá aldurshópur kom verst út úr efnahagslægdinni varð mjög kvíðinn og þjáðist af þunglyndi. Þunglyndið hafði áhrif á getu þeirra til að ala upp börn sín sem hafði bein neikvæð áhrif á líðan barnanna þeirra. Einnig er hátt hlutfall þeirra sem voru börn á þeim tíma er kreppan skall á að eiga við geðræn vandamál og kosta finnska heilbrigðiskerfið mikla fjármuni á hverju ári. Því má segja að Finnar hafi verið að spara aurinn og kasta krónunni

Þegar kom að sparnaði í heilbrigðiskerfinu því nú 10-15 árum seinna eru þeir enn að kljást við afleiðingarnar af ákvörðunum stjórnvalda þess tíma (Haukur Sigurðsson, 2008).

Hjá sumum fjölskyldum er slæm fjárhagsstaða aðeins tímabundið ástand. Til dæmis vegna atvinnumissis annars eða beggja foreldra. Hinsvegar getur fátækt verið langvarandi ástand hjá öðrum fjölskyldum vegna félagshagfræðilegrar stöðu fjölskyldunnar. Fátæk börn upplifa frekar sálræna þjáningu en börn sem búa við góðan fjárhag (McLeod og Shanhan, 1993).

Börn sem koma frá sundruðum heimilum eru líklegri til að ganga illa í skóla, að eiga í vandræðum við að mynda sambönd við jafnaldra, systkini og við fullorðna einstaklinga. Þegar mikill ágreiningur er á milli foreldra hefur það áhrif á þroska barnanna. Hjónabandsrjúg geta hindrað það að foreldrarnir sýni hlýju, veiti börnunum öryggi og umönnun. Eru þetta allt atriði sem skipta sköpum í að þroska tilfinningalega heilbriggt barn (Harold, Pryor og Reynolds, 2001).

Á tímabilinu þar sem börn eru að leitast eftir meira sjálfstæði og umbreytast í unglings aukast oft þunglyndiseinkenni meðal barnanna. Börnin eru að kljást við þær breytingar sem eiga sér stað á líkama þeirra ásamt því að félagslegar breytingar eiga sér stað í skólanum, fjölskyldunni og vinasamböndum einnig. Sumir foreldrar bregðast stundum við þessari sjálfstæðiskennd hjá unglingsnum með stjórnsamari og refsiverðum aga. Í þannig fjölskyldum gætu unglingsarnir bælt niður tilfinningar sínar og hegðun, sem hefur síðan áhrif á hvernig sambönd unglingsins eru við fjölskylduna, jafningja, aðra nemendur innan skólans og vini (Buck og Dix, 2011).

Þegar kemur að börnum og efnahagshruni er mikilvægt að huga að því að erfiðleikar festast frekar í minnum barna en fullorðinna hversu lengi sem þessir erfiðleikar endast. Bernskan er mikilvægasta mótunarskeið einstaklings og því nauðsynlegt að börn búi við öryggi til þess að geta notið þessa tímaskeiðs. Því eru fyrirbyggjandi aðgerðir mikilvægar í

samfélaginu þegar efnahagshrun á sér stað. Það er á ábyrgð foreldra að vernda börnin sín gegn áhrifum hrunsins með því að útskýra fyrir þeim aðstæður svo þau ímynda sér ekki hið versta. Þó verður að passa að vekja ekki hjá þeim kvíða eða ótta. En það er á ábyrgð hins opinbera eða kennara, skólahjúkrunarfræðinga, forráðamanna, foreldra og annarra sem eru í samneyti við börnin að koma auga á einkenni sem gefa til kynna að barnið þurfi á frekari aðstoð að halda (Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, 2009)

Tilgangur rannsóknar

Tilgangur þessa verkefnis er að kanna breytingar á lífsánægju og sálvefrænni líðan grunnskólanemenda frá því þau voru í 6. bekk og þar til í 10. bekk með það í huga að í millitíðinni varð efnahagshrun á Íslandi.

Stuðst verður við gögn úr rannsókn sem nefnist Health Behavior in School-aged Children (HBSC). HBSC er alþjóðleg rannsókn sem lögð er fyrir nemendum í 6., 8. og 10. bekk grunnskóla á fjögurra ára fresti í flestum aðildarríkjum Alþjóðaheilbrigðismála-stofnunarinnar eða World Health Organization (WHO). Íslenski hluti rannsóknarinnar heitir Heilsa og lífskjör skólabarna. Úrtakið sem við notuðum er tvíþætt. Annars vegar nemendur í 6. bekk af báðum kynjum í öllum grunnskólum landsins árið 2006 og hins vegar nemendur 10. bekk af báðum kynjum í öllum grunnskólum landsins árið 2010 (Þóroddur Bjarnason, Stefán Hrafn Jónsson, Kjartan Ólafsson, Andrea Hjálmsdóttir og Aðalsteinn Ólafsson, 2006). Þessir tveir hópar eiga það sameiginlegt að vera fæddir sama ár eða árið 1994. Þeir nemendur sem voru í 6. bekk árið 2006 voru því komnir í 10. bekk árið 2010. Að mati rannsakenda er sálræn líðan samspil líkamlegra einkenna og sjálfsmats á lífsánægju sem hefur áhrif á líðan einstaklings. Því voru spurningar um sálvefræn einkenni og mat á lífsánægju notaðar til að leggja mat á sálræna líðan grunnskólanemenda.

Rannsóknarspurningar

Rannsóknarspurningar eru:

- Hefur slæm fjárhagsstaða fjölskyldunnar áhrif á lífsánægju grunnskólanemenda?
- Er munur á lífsánægju drengja og stúlkna fyrir og eftir efnahagshrun?
- Er munur á sálvefrænni líðan drengja og stúlkna fyrir og eftir efnahagshrun?
- Hefur slæm fjárhagsstaða fjölskyldunnar áhrif á sálvefræna líðan grunnskólanemenda?

Tilgátur

Tilgátur rannsakenda eru:

- Slæm fjárhagsstaða fjölskyldunnar hefur neikvæð áhrif á lífsánægju grunnskólanemenda.
- Lífsánægja stúlkna er minni en lífsánægja drengja árið 2010.
- Sálvefræn líðan grunnskólanemenda hefur versnað milli ára.
- Sálvefræn líðan stúlkna er verri en drengja milli ára
- Slæm fjárhagsstaða fjölskyldunnar hefur neikvæð áhrif á sálvefræna líðan grunnskólanemenda.

Skilgreining hugtaka

Grunnskólanemendur: Nemendur fæddir árið 1994 sem voru í 6. bekk árið 2006 og 10. bekk 2010 sem tóku þátt í HBSC rannsókninni veturinn 2005-2006 og 2009-2010.

Sálvefræn líðan: Á við um líkamleg einkenni s.s. svima, depurð, þirring, bakverki taugaóstyrkleika, erfiðleika með að sofna, þreytu, höfuðverki, ógleði, magaverki og uppköst sem eru ekki tengd við neinn sjúkdóm og endurspeglar sálræna líðan. Tengist aðallega kvíða og vanhæfni til að takast á við breytingar í lífi einstaklingsins á árangursríkan hátt (Steinhausen og Metzke, 2007; Tamminen o.fl., 1991).

Lífsánægja: Mat einstaklingsins á eigin lífi á bilinu 0-10, þar sem versta hugsanlega lífið er 0 og besta hugsanlega lífið er 10 (Veenhoven og Hagerty, 2006).

Efnahagshrun: Aðstæður þar sem efnahagur lands verður fyrir bráðri lægð í kjölfar fjármálakreppu (Economic crisis, e.d.).

Slæm fjárhagsstaða: Þegar einstaklingur býr yfir ónógu fjármagni til að tryggja rekstur heimilishalds síns og getur ekki mætt óvæntum útgjöldum (skilgreining rannsakenda).

Val á rannsóknaraðferð

Þessi rannsókn er byggð á tölfræðilegum gögnum úr HBSC rannsókninni sem lögð var fyrir grunnskólanemendur í 6. bekk 2006 og 10. bekk 2010. Gögnin úr HBSC rannsókninni voru fengin hjá Kjartani Ólafssyni lektor við HA, sem er meðlimur í rannsóknarteymi HBSC á Íslandi. Gögnin eru í formi staðlaðra svara við spurningum er lúta að sálvefrænni líðan, lífsánægju og mati nemenda á fjárhagsstöðu fjölskyldunnar.

Notast var við meginlega rannsóknaraðferð. Meginleg aðferð byggist á því að finna meðaltöl og dreifingu hvers hóps fyrir sig og sýna hvernig tengslin á milli þeirra eru. Gagna er aflað með spurningalistum, tilgáta sett fram og reynt að styðja eða hrekja tilgátuna (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003).

Gildismat rannsakenda

Gildi þessarar rannsóknar er fjölbreytt, sérstaklega fyrir heilbrigðiskerfið og samfélagið í heild. Á þessum erfiðu tímum í kjölfar efnahagshrunsins er mikilvægt að stjórnvöld, heilbrigðisstarfsfólk og almenningur geri sér grein fyrir hugsanlegum afleiðingum hrunsins á fjárhag heimilanna og þar af leiðandi á líðan fjölskyldna í landinu. Í nútímasamfélagi þar sem hraði daglegs lífs er mikill gleymast börnin oft. Þegar foreldrar eru að kljást við ýmis vandamál eins og atvinnumissi eða fjárhagserfiðleika skynja börnin aðstæðurnar betur heldur en fullorðnir gera sér grein fyrir. Andrúmsloftið á heimilinu getur orðið spennuþrungið og samskipti við börnin ábótavant. Samskiptaleyfi veldur röskun á

tilfinningalífi barnanna og getur leitt til mikils kvíða og depurðar. Því er mikilvægt að kennarar, skólahjúkrunarfræðingar og annað starfsfólk sem tengist skólunum séu meðvitaðir um líðan ungmenna og þau einkenni sem gefa til kynna slæma sálvefræna líðan. Rannsóknin gæti því vakið fólk sem vinnur með börnum til vitundar um þetta málefni.

Gildi fyrir hjúkrun

Þegar samfélagið er enn að jafna sig eftir fjármálakreppu er mikilvægt að huga að þeim eftirköstum sem geta komið fram hjá þegnum landsins eftir hrunið. Rannsakendur vilja stuðla að vitundarvakningu í samfélaginu á þeim afleiðingum sem slæm fjárhagsstaða heimila getur haft í för með sér fyrir ungmenni landsins. Kvíði og depurð getur haft slæm áhrif á sálvefræna líðan og lífsánægju unglunga til lengri tíma og teljum við það vera á ábyrgð skólahjúkrunarfræðinga, hjúkrunarfræðinga á heilsugæslustöðum, kennara og aðila sem vinna að íþróttá- og æskulýðsmálum að vera vel vakandi þegar kemur að því að meta sálræna líðan ungmenna.

Skólahjúkrunarfræðingar sinna forvarnarstörfum innan skólans þegar kemur að heilsu og því kjörinn vettvangur fyrir þá að fræða nemendur sem og kennara um mikilvægi góðrar geðheilsu. Því teljum við gífurlega mikilvægt að skólahjúkrunarfræðingar séu vel upplýstir þegar kemur að málefnum sem snúa að sálrænni líðan. Einnig eru hjúkrunarfræðingar innan heilsugæslunnar þeir fagaðilar sem sinna unglungum mikið þegar upp koma einkenni slæmrar sálvefrænnar líðan og því mikilvægt að þeir geri sér grein fyrir því hver einkenni sálvefrænnar líðanar eru svo hægt sé að grípa fyrir inn í en ella.

Uppbygging skýrslu

Verkefnið skiptist í sex kafla. Fyrsti kafli er inngangur og annar kafli byggist á fræðilegum heimildum um rannsóknarefnið. Þriðji kafli fjallar um aðferðafræði rannsóknarinnar. Í fjórða kafla eru rannsóknarniðurstöðurnar kynntar með lýsandi tölfræði. Í fimmta kafla eru bornar saman niðurstöður rannsóknarinnar og niðurstöður fræðilegrar

umfjöllunar. Síðan í lokakafla verkefnisins eða í sjötta kafla, munu rannsakendur fjalla um hagnýtt gildi rannsóknarinnar fyrir hjúkrun, stjórnendur, menntun, rannsóknir og samfélagið ásamt því að koma með tillögur um framtíðarrannsóknarefni.

Heimildaleit

Við heimildaleit þessarar rannsóknar voru notuð gagnasöfnin CINAHL, EBSCOhost, ProQuest, ScienceDirect og Fræðasetur Google. Einnig var leitað á leitarsíðunum Google og Gegnir. Þær heimildir sem rannsakendur hafa notast við eru aðallega rannsóknir á viðfangsefninu og tengdu efni, en einnig við bækur og skýrslur um efnið.

Leitarorð sem notuð voru við heimildaleit voru: *Börn og fátækt, efnahagshrun á Íslandi, life satisfaction of school-aged children, child well-being, children and poverty, developmental changes, socioeconomic status, psychosomatic well-being, psychosocial health, coping, psychosomatic symptoms, adolescence.*

Lykilhugtök

Grunnskólanemendur, lífsánægja, sálvefræn líðan, HBSC, slæm fjárhagsstaða.

Kafli 2

Fræðileg umfjöllun

Þessi kafli er fræðileg umfjöllun um áhrif slæmrar fjárhagsstöðu fjölskyldunnar á sálræna líðan, sem skoðuð er út frá lífsánægju og sálvefrænni líðan grunnskólanemenda á Íslandi. Fjallað verður um lífsánægju og sálvefræna líðan barna, efnahagshrunið á Íslandi haustið 2008, hvernig slæm fjárhagsstaða hefur áhrif á líðan fjölskyldunnar, hvernig líðan foreldranna hefur áhrif á uppeldi barna og líðan þeirra og hvaða langtímaafleiðingar slæm sálvefræn líðan barna getur haft í för með sér.

Lífsánægja grunnskólabarna

Góð geðheilsa og líðan er undirstaða þess að fólk geri sér fært um að finna lífinu tilgang og þannig vera virkir þegnar í þjóðfélaginu (World Health Organization, 2005).

Foreldrar láta sig miklu skipta hvort barnið þeirra búi við góða líkamlega heilsu. Foreldrar sjá barninu sínu fyrir hollu fæði, hvetja það til að hreyfa sig, verja það fyrir kulda og vosbúð. En huga foreldrar nóg að sálrænni líðan barnsins? Allir, jafnt börn sem fullorðnir, þurfa að takast á við vandamál einhvern tímann á lífsleiðinni. Fullorðnir geta fundið fyrir öryggisleysi, geta orðið fyrir vinslitum, lenda í því að syrgja nákominn vin eða ættingja sem fellur frá. Það geta börn líka. Börn lenda í rifrildi á skólalóðinni, eru afbrýðisöm í garð barna og fullorðinna. Ef foreldrum tekst að finna áhrifaríkar leiðir til að hjálpa börnunum sínum að takast á við erfiðleika og vonbrigði verður vanlíðan barna þeirra minni (Guðrún Guðmundsdóttir, 2006).

Lífsánægju er árangursríkast að meta út frá stiga Cantrils frá árinu 1965. Hann mælir versta hugsanlega lífið til besta hugsanlega lífsins og er áreiðanlegt, alþjóðlegt mælitæki sem hefur mikið lögmæti yfir fjölbreytilega félagsfræðilega þætti eins og aldur, kyn, hæð, tekjur, hjúskaparstöðu, atvinnu og trú. Þó svo að stiginn hafi verið þróaður árið 1965 er hann enn

mikið notaður sem mælitæki fyrir lífsgæði í margvíslegum rannsóknum innan heilbrigðiskerfisins (Bjarnason o.fl., 2010).

Í rannsóknargrein sem byggð var á gögnum úr HBSC rannsókninni frá 2005-06 var skoðuð lífsánægja barna frá 36 vestrænum löndum sem bjuggu við mismunandi fjölskylduaðstæður. Þar kom í ljós að stúlkur á aldrinum 11-15 ára voru að meðaltali -0.45 neðar í stiga Cantrils en drengir. Um 15 ára aldur voru stúlkur að meðaltali -0.81 neðar í stiganum en drengir. Þó voru þessar tölur mismunandi eftir löndum. Þá kom í ljós að tengsl eru á milli fjölskyldumynsturs og lífsánægju. Þá var einnig kynjamunur á lífsánægju til staðar þegar breytan um fjölskylduaðstæður var notuð. Greinahöfundar töldu það vera út af samskiptum við foreldra. Einnig virtust vera tengsl á milli félagshagfræðilegrar stöðu og lífsánægju þar sem börn sem bjuggu við hærri félagshagfræðilega stöðu voru hærri í lífsánægju (Bjarnason o.fl., 2010).

Í grein Bradshaw og Richardson (2009) var velferð barna í 29 Evrópulöndum borin saman. Þarna voru sjö mismunandi þættir mældir sem taldir voru hafa áhrif á velferð barna. Þessir þættir eru: 1) Heilsa, þar var skoðuð heilsa við fæðingu, dánartíðni og aðrir þættir er tengjast heilsusamlegri hegðun. 2) Huglæg velferð, en þar voru skoðaðir þættir sem sneru að persónulegu mati barnanna á eigin velferð og heilsu. 3) Sambönd, þar voru bæði skoðuð fjölskyldutengsl og jafningatengsl. 4) Efnisleg velferð var skoðuð með tilliti til tíðni fátæktar, tekna og skorti á efnislegum hlutum. 5) Hætta og öryggi, þar er átt við ofbeldi, ofbeldishegðun, áhættusöm hegðun (eins og reykingar, áfengisdrykkja, notkun smokka og neysla vímuefna), en einnig var skoðuð dánartíðni barna. 6) Menntun var skoðuð með niðurstöðum úr Programme for International Student Assessment (PISA) könnun sem nefnist á íslensku Forrit fyrir alþjóðlegt nemendaverkefni. 7) Húsnæðiskostur og umhverfi, þar var skoðað hversu margir búa á heimili, hvort börnin teldu glæpi og rusl vera vandamál í íbúðahverfi sínu og að lokum hvort þau teldu vera vandamál inni á heimili sínu.

Niðurstöður komu misvel út fyrir Ísland samkvæmt þessum sjö þáttum: 1) Heilsa barna var í fjórða sæti í samanburðinum eða bara nokkuð góð. 2) Huglæg velferð barna mældist ekki eins ofarlega og var Ísland þar í níunda sæti. 3) Hér á landi mældust gæði sambanda ágætlega en þau voru í fjórða sæti. 4) Hin efnislegu gæði mældust hin mestu hér af öllum samanburðarlöndunum. 5) Ástand hættu og öryggis var nokkuð gott eða í þriðja sæti. 6) Menntun var sá þáttur sem mældist lakastur á Íslandi eða í fjórtánda sæti. 7) Húsnæðiskostur og umhverfisskilyrði voru þau áttundu bestu í samanburðinum. Því ofar sem landið var á þessum listum því meiri velferð var í því landi samanborið við hin löndin. Velferð barna á Íslandi var því ágæt eða í fjórða sæti í Evrópu árið 2006 (Bradshaw og Richardson, 2009).

Vandamálum sem snúa að sálrænni líðan er oft skipt niður í tvo hópa sem einkenna líðan barnanna. Annarsvegar ytri hegðunareinkenni (e. externalizing behaviors) og hinsvegar innri hegðunareinkenni (e. internalizing behaviors). Ytri hegðunareinkenni eru t.d. árásgirni, rifrildi við jafnaldra, slagsmál og ögrun. Innri hegðunareinkenni eru kvíði, félagslegt fráhrarf, þunglyndi og óhamingja. Vandamál tengd sálrænni líðan tengjast vissulega fátækt. Hinsvegar hefur fátækt ekki jafn mikil áhrif á sálræna líðan og hún hefur á geðræna heilsu. Foreldrar sem eru fátækir er líklegri til að vera við lélega heilsu, bæði sálræna og líkamlega. Þegar foreldrar sýna einkenni þunglyndis og þirringis virðist það tengjast rifrildum við unglinga sem leiðir til verri tilfinningalegs, félagslegs og vitræns þroska barnsins/unglingsins. Rannsóknir hafa leitt í ljós að geðheilsa foreldra á þátt í áhrifum félagshagfræðilegrar stöðu á heilsu og líðan barns (Brooks-Gunn og Duncan, 1997).

Börn sem koma frá sundruðum heimilum eru líklegri til að ganga illa í skóla, að eiga í vandræðum við að mynda sambönd við jafnaldra, systkini og við fullorðna einstaklinga. Einnig er talið að hjónabandserjur auki líkurnar á því að börn tileinki sér hegðun sem hafi slæm áhrif á heilsu þeirra. Þegar mikill ágreiningur er á milli foreldra hefur það áhrif á þroska barnanna. Eins og áður hefur komið fram geta hjónabandserjur hindrað það að foreldrarnir

sýni hlýju, veiti börnunum öryggi og umönnun. Eru þetta allt atriði sem skipta sköpum í að þroska tilfinningalega heilbriggt barn (Harold o.fl., 2001).

Rannsókn Goosby (2007) hafði þann tilgang að kanna áhrif fátæktar á unglunga og hvort áhrifin breytist eftir því hversu lengi þau búa við fátækt. Hann skoðaði unglunga á aldrinum 10-14 ára (n=854) í Bandaríkjunum og niðurstöður sýndu fram á að mikið samband er á milli þess hversu lengi fjölskylda er fátæk og vandamála unglingsins á heimilinu og hefur fátækt bein áhrif á líðan unglunga. Sem koma þá helst fram í að unglingar eiga í félagslegum vandamálum við jafningja sína og á þátt í hve mikið þeir draga sig í hlé frá félagslífinu. Einnig kom fram í rannsókn þeirra að þeir unglingar sem höfðu búið við fátækt alla ævi voru næstum hálfu staðalfráviki hærra þegar kom að því að rannsaka tengsl fátæktar og þunglyndis unglinganna á móti þeim unglingum sem höfðu aldrei lifað í fátækt.

Geðheilsa foreldra, sem verður verri eftir því sem fjölskyldan er fátækari, hefur bein áhrif á geðrænan styrk unglunga. Þá segir hún jafnframt að aðrar rannsóknir hafi styrkt þessar niðurstöður með því að sýna fram á að hegðun foreldra og sálrænn stuðningur þeirra við unglinginn hafi bein áhrif á sálræna líðan unglingsins. Þar sem foreldrar sem lifa við mikla fátækt upplifi mikið stress sem leiðir til harkalegs og mótsagnakennds uppeldis (Goosby, 2007).

Í fyrstu rannsókninni á Íslandi þar sem kannaður var munur á heilsu, notkun heilbrigðiskerfisins og velferð barna samkvæmt félagshagfræðilegu ástandi fjölskyldunnar var sýnt fram á að tengsl væru á milli félagshagfræðilegrar stöðu og velferðar barna á aldrinum tveggja til sautján ára. Heilsa barna var lakari eftir því sem fjölskyldan var í verri félagshagfræðilegri stöðu. Það kom í ljós að lágtekjufjölskyldur höfðu oft ekki leitað læknis eða jafnvel afpantað tíma hjá lækni vegna kostnaðar (Halldórsson, Cavelaars, Kunst og Mackenbach, 1999).

Þær niðurstöður sem Dearing (2008) komst að er að það hefur þýðingarmikil áhrif á sálrænan þroska barna í vitrænum og félagslegum skilningi, sem sést í háu hlutfalli slíkra barna sem hverfa frá námi og geðheilsuvandamálum meðal þeirra. Vegna fátæktar takmarkast aðgangur barna að réttri þroska örvun og gerir þau útsettari fyrir stressi í bæði líkamlegu og sálrænu umhverfi þeirra, en batnandi efnahagur í fátækum fjölskyldum bæti sálræna líðan barnanna.

Börn og unglingar sem nota virk bjargráð við streituvöldum sem þau hafa stjórn á sýndu marktækt færri ytri hegðunareinkenni og meiri félagsfærni. Tengsl milli virkra bjargráða og sálfélagslegrar heilsu breytast eftir hvort streituvaldar eru undir stjórn viðkomandi eða utan hennar. Streituvöld sem hægt er að stjórna, s.s. rifrildi við jafningja, tengjast heilbrigðum félagsþroska og hegðun. Ungt fólk sem reynir að nota virk bjargráð til að leysa úr samskiptavandamálum sem þeir hafa ekki stjórn á, s.s. átök við foreldra eða veikindi, er líklegra til að sýna lélegri félagslega virkni og meiri hegðunvandamál (Clarke, 2006).

Gerð var rannsókn í Ungverjalandi sem náði til 1039 nemenda á öðru skólastigi (gagnfræðaskóla) og átti að kanna notkun bjargráða við heilsutengdum vandamálum á unglingsárum. Þar kom í ljós að drengir líta oftast á vandamál sem áskorun og búa þá til áætlun hvernig þeir ætla að koma sér í gegnum viss vandamál. Aftur á móti við sömu aðstæður draga stúlkur sig í hlé og gefast upp. Stúlkur eru líklegri til að meta aðstæður meira hótandi og líta frekar á sjálfar sig á neikvæðan máta. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kom fram að skýra mátti mismun kynjanna í notkun bjargráða þannig að sem börn eru drengir aldir upp í því að vera sjálfstæðari heldur en stúlkur (Piko, 2001).

Í grein Tamminen og félaga (1991), þar sem rannsökuð voru sálvefræn einkenni ásamt þunglyndiseinkennum hjá 1103 ára börnum með spurningalistum og mati foreldra barnanna á einkennum, kom í ljós að foreldrar gerðu greinarmun á kyni barna sinna þegar kom að því að meta líðan þeirra. Það gæti bent til þess að foreldrar eru mismótækilegir á kvartanir barna

sinna eftir því af hvaða kyni barnið þeirra sé. Þá kom einnig í ljós að kennarar gerðu slíkt hið saman. Bæði foreldrar og kennarar samþykktu frekar kvartanir stúlkna heldur en drengja og litið var á það þannig að drengirnir ættu að vera harðari af sér á meðan stúlkurnar máttu frekar sýna viðkvæmni.

Sálvefræn líðan barna

Á tímabilinu þar sem börn eru að umbreytast í ungling aukast oft þunglyndiseinkenni og tíðni þunglyndissjúkdóma meðal þeirra. Af hverju þessi breyting á sér stað er ekki vitað en greinilegt er að börnin eru að kljást við þær breytingar sem eiga sér stað á líkama þeirra ásamt því að félagslegar breytingar eiga sér stað hjá fjölskyldunni, í skólanum og vinasamböndum einnig. Þá hafa rannsóknir leitt í ljós að þau börn sem aðlagast þessum breyttu aðstæðum með því að bæla niður tilfinningar sínar og hegðun kljást frekar við þunglyndiseinkenni heldur en önnur börn (Buck og Dix, 2011).

Á þessu tímabili leitast unglingar eftir því að fá meira sjálfstæði. Sumir foreldrar bregðast við því með stjórnsmari og refsiverðum aga. Í þannig fjölskyldum gætu unglingarnir brugðist við þessum breytta aga með því að bæla niður tilfinningar sínar og hegðun, sem hefur síðan áhrif á hvernig sambönd unglingsins eru við fjölskylduna, jafningja, krakka innan skólans og vini (Buck og Dix, 2011).

Árið 2007 birtu Steinhausen og Metzke rannsókn þar sem tilgangurinn var að meta sálvefræn einkenni sem birtust daglega á seinni hluta barndómsins til fullorðinsára á þremur tímabilum (1994, 1997 og 2001), þá á aldrinum 10-17 ára, 13-20 ára og 17-24 ára. Spurningalistar voru notaðir til að börnin gætu metið sálvefræna líðan sína. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að sálvefræn einkenni sem komu fram hjá börnunum daglega yfir öll árin var á bilinu 1,0 -2,6% fyrir svima, 3,0-6,7% fyrir þreytu, 1,0-2,9% á verkjum, 5,6-8,3% á höfuðverk, 1,2-1,95% fundu fyrir ógleði, þeir sem fundu fyrir magaverk voru á bilinu 2,5-3,0% og 2-8% köstuðu upp.

Einkennin voru algengari meðal stúlkna á mismunandi tímum. Eftir því sem tíminn leið voru þeir sem voru með verstu einkennunum með meiri verki. Á öllum þremur árunum voru stúlkurnar með hærri tíðni varðandi magaverk. En einnig á árunum 1994 og 1997 voru þær með hærri tölur fyrir ógleði. Það sýndi sig í þessari rannsókn að hærri tíðni var í sambandi við magaverki, ógleði og verki hjá 13-20 ára stúlkunum en þarna verður líka að taka tillit til þess að stúlkurnar eru þarna byrjaðar á blæðingum sem geta valdið þessum einkennum. Tíðni fyrir höfuðverk var há hjá báðum kynjum en stúlkurnar voru þó með hærri tíðni en drengirnir og eins var um þreytu. Höfuðverkir og magaverkir eru algengustu einkennin og er það einnig í samræmi við rannsókn Tamminen frá árinu 1991 (Steinhausen og Metzke, 2007).

Það er auðvelt að sjá sálvefræn einkenni hjá börnum og greina þörf fyrir úrræði í samfélaginu. Því fyrr sem vandamálin eru greind því fyrr er hægt að leysa þau. Það kom fram í þessari rannsókn að þeir einstaklingar sem eru útsettari fyrir einkennum sem börn eru líklegri til að taka þau með sér inn í fullorðinsárin og jafnvel koma sálvefrænir sjúkdómar í kjölfarið. Samanlagt var veik fylgni á mun á milli kynjanna á öllum þremur árunum (Steinhausen og Metzke, 2007).

Samkvæmt rannsókn Tamminen og félaga (1991) kom fram að sálvefræn einkenni eru oft sögð vera tengd persónuleikaeinkennum sem einstaklingur hefur fyrir og hann nær ekki að vinna úr erfiðleikum sínum á eðlilegan hátt. Þó verður að taka tillit til þess að líkamlegar kvartanir hjá börnum eru talin vera speglun á innri manni þeirra og viðkvæmni sem verður fyrir breytingum á þessu þroskastigi. Það kom þó fram að einkenni eru algengari hjá stúlkum og þeim sem eru í lágstéttum. Fjórðungur barnanna kvartaði yfir því að hafa allavega eitt einkenni á dag en 9,5% sögðust finna fyrir að minnsta kosti einu einkennum alla daga. Algengustu einkennin voru höfuðverkur, ógleði og uppköst, þau voru með nánast sömu tíðni. Það voru þó sterk tengsl milli þeirra sem sýndu sálvefræn einkenni og þeirra sem voru með

þunglyndiseinkenni. Sálvefræn einkenni eru nokkuð algeng í börnum. Mismikil tengsl eru á milli þessara einkenna en þau sterkustu voru þunglyndiseinkenni.

Efnahagshrunið á Íslandi

Eins og áður hefur komið fram varð Ísland fyrir efnahagshruni í október 2008. Þjóðarbúið féll í djúpa efnahagslægd í kjölfar meiriháttar truflana á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum sem náði hámarki í september sama ár (Organisation for Economic Co-operation and Development, 2009). Í lífskjararannsókn Hagstofu Íslands (2010a) sem er hluti af samræmdri lífskjararannsókn Evrópusambandsins (EU-SILC) kom fram að fjölskyldum í fjárhagsvanda hefur fjölgað gífurlega frá árinu 2008 eða eftir efnahagshrunið. Svo virðist sem að heimilin eigi erfiðara með mánaðarleg útgjöld og eigi erfitt með að mæta óvæntum útgjöldum. Tveimur árum eftir hrun eða árið 2010 höfðu meira en 10% heimila lent í vanskilum einhvern tímann á árinu með leigu eða húsnæðislán. Árið 2006 höfðu það einungis verið 5,7% heimila. Í rannsókninni svöruðu 16,5% heimila því að þeim þætti húsnæðiskostnaður þung byrði á fjölskyldunni. Aðeins 11,8% höfðu svarað eins árið 2008. Samkvæmt niðurstöðum Hagstofu Íslands (2010b) voru 31.400 einstaklingar undir lágtekjumörkum (e. at risk of poverty) á Íslandi árið 2009 eða um 10,2%. Árið 2006 var hlutfallið 9,6%. Það voru 9,9% barna (0-17 ára) undir lágtekjumörkum árið 2010 en þau voru 11,6% árið 2006. Þeim hafði því fækkað þó að í heildina hafi einstaklingum sem eru undir lágtekjumörkum fjölgað. Frá árinu 2004 hafa að jafnaði 11% barna verið undir lágtekjumörkum.

Áhrif slæmrar fjárhagsstöðu á fjölskylduna.

Mælingar og rannsóknir á fátækt eiga sér langa sögu að baki og er breski fræðimaðurinn Seebohm Rowntree hvað þekktastur fyrir rannsóknir sínar á þessu sviði. Rowntree bjó til hugtakið algild fátæktarmörk (e. absolute poverty line) árið 1899 sem er listi yfir það sem honum þótti nauðsynlegt til framfærslu og þær fjölskyldur og einstaklingar sem

ekki höfðu nægar tekjur fyrir þeim nauðsynjum skilgreindi hann sem fátæka. Þetta hugtak hefur víða verið notað og fræðimenn eins og John Iceland og Bauman, sem hafa verið að gera rannsóknir á fátækt í Bandaríkjunum, hafa notað það. Þó svo að algild fátæktarmörk sé notuð enn þann dag í dag er algengara að notast við svokölluð afstæð fátæktarmörk (e. relative poverty line). Þá er einstaklingur skilgreindur fátækur ef tekjur hans fara undir fyrirfram skilgreint hlutfall af tekjum þess hóps sem miðað er við, að teknu tilliti til fjölskylduáðstæðna. Evrópusambandið og OECD hafa meðal annars verið að notast við slíkar skilgreiningar í samanburðarrannsóknum sínum á fátækt. Ísland hefur tekið þátt í tveimur slíkum samanburðarrannsóknum þar sem notast hefur verið við afstæð fátæktarmörk (Guðný Björk Eydal og Jeans, 2008).

Evrópusambandið notast við hlutfallslega aðferð við mælingar á því hversu stór hópur fólks fellur fyrir neðan tiltekin skilgreind mörk hverju sinni er varðar fátækt og nefnast þessi mörk lágtekjumörk (Hagstofa Íslands, 2008). Lágtekjumörk í hverju landi eru skilgreind af Evrópusambandinu sem 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu í landinu. Svo hægt sé að finna út lágtekjumörk þarf að reikna út ráðstöfunartekjur á neyslueiningu. Ráðstöfunartekjur eru heildartekjur heimilis eftir skatta að meðtöldum félagslegum greiðslum. Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu taka mið af heildartekjum heimilisins en taka jafnframt tillit til heimilisstærðar og þeirrar hagkvæmni í rekstri heimilis sem fæst við það að fleiri en einn búa undir sama þaki. Einnig er tekið tillit til þess að útgjöld vegna barna eru lægri en útgjöld vegna fullorðinna. Þannig fær heimili með tveimur fullorðnum og tveimur börnum undir 14 ára vogina 2,1 neyslueining (Hagstofa Íslands, 2008).

Hjá sumum fjölskyldum er slæm fjárhagsstaða aðeins tímabundið ástand. Til dæmis vegna atvinnumissis annars eða beggja foreldra eða vegna breytingar á fjölskylduhögum eins og skilnaðar. Það hinsvegar getur breyst aftur þegar foreldrarnir finna nýja vinnu eða hafa fundið sér annan maka. Hinsvegar getur fátækt verið langvarandi ástand hjá öðrum

fjölskyldum vegna félagshagfræðilegrar stöðu fjölskyldunnar. Fátæk börn upplifa frekar sálræna þjáningu en börn sem búa við góðan fjárhag. Aftur á móti er skortur á sönnunum á þessum tengslum fátæktar og þjáningu barna þar sem margar rannsóknir taka ekki tillit til kynþáttar og rannsakendur eru með mismunandi skilgreiningar á fátækt (McLeod og Shanhan, 1993).

Rannsóknir hafa leitt í ljós að öryggi skapast meðal almennings á tímum efnahagskreppu vegna breyttra aðstæðna í vinnu og hagkerfinu. Aðalvísbending þess að efnahagslægð ríki er ójafnvægi vinnu, upphæð tekna og breyting á tekjum (Leinonen o.fl., 2002). Eitt mesta áhyggjuefni almennings af afleiðingum kreppunnar er óhjákvæmilega fækkun starfa í landinu í kjölfar þess samdráttar sem á sér stað á vinnumarkaðnum vegna efnahagsástandsins. Áhrif kreppunnar á fjölskylduna lýsir sér aðallega í minni tekjum, minnkuðu sjálfsáliti, minnkaðri sjálfsvirðingu, auknu þunglyndi og aukinni einangrun fyrir það foreldri sem er atvinnulaust. Einnig hefur fækkun starfa áhrif á uppbyggingu fjölskyldunnar þar sem rannsóknir hafa sýnt fram á að atvinnuleysi karlmannna hefur áhrif á skilnaðartíðni (Kraft, 2001). Áhrif kreppunnar, til dæmis eins og atvinnuleysi, lægri tekjur og rifrildi, geta haft sívaxandi áhrif á andlega líðan einstaklinga. Því má ætla að sambönd standi frammi fyrir gífurlegu álagi þegar krepputímabil stendur yfir. Þegar skoðað er hversu mikil áhrif kreppa hefur á samband vegna aukins álags er einn mikilvægasti áhrifavaldurinn peningar og rifrildi um peninga getur verið erfitt að leysa jafnvel þegar þör eiga ekki í neinum sérstökum erfiðleikum. (Papp, Cummings og Goeke-Morey, 2009).

Langtímaáhrif slæmrar fjárhagsstöðu á fjölskylduna.

Umræðan um mælingar á fátækt barna hefur verið mikil meðal erlendra fræðimanna og hefur farið vaxandi á liðnum árum. Fræðimenn hafa bent á að hefðbundnar fátæktarmælingar leggi áherslu á að meta lífskjör fjölskyldunnar sem einnar heildar og veiti því takmarkaðar upplýsingar um raunverulegar aðstæður og kjör barna. Þeir telja áhrifaríkast að

beina sjónum meira að lífskjörum barnanna með áherslu á þarfir þeirra sem einstaklinga frekar en að beina sjónum eingöngu að framtíðarþörfum þeirra sem verðandi fullorðinna einstaklinga (Qvortrup, 1993).

Í nútímarannsóknum á börnum og fátækt, er litið til upplifunar barnsins í stað þess að horfa á það hvaða áhrif aðstæður geta haft á líf þess sem fullorðins einstaklings. Þær rannsóknir sem unnar eru út frá þessu sjónarhorni á barnafátækt, miðast fyrst og fremst að því að meta upplifun barna á fátækt og áhrif hennar á lífsgæði þeirra í stað þess að leggja áherslu á að greina afleiðingar fátæktar á börn sem framtíðarþegna og vinnuafls. Það sem hefur komið fram þegar notast er við þetta sjónarmið er meðal annars að kjör fjölskyldunnar endurspeglar ekki endilega kjör barnanna (Guðný Björk Eydal og Jeans, 2008).

Rannsóknir hafa verið gerðar á fjölskyldum sem eru undir fátæktarmörkum. Í niðurstöðum þeirra kom í ljós m.a. að margir foreldranna neituðu sér um ýmsa hluti til að geta veitt börnum sínum það sem þeir töldu nauðsynlegt. Þannig reyndist helmingur þeirra foreldra sem rætt var við eiga börn sem ekki bjuggu við fátækt. Einnig hafa verið gerðar aðrar rannsóknir sem sýna sambærilegar niðurstöður. Því er það nokkuð vel staðfest að stór hópur þeirra foreldra sem býr við tekjur undir skilgreindum fátæktar- eða lágtekjumörkum nær að hlífa börnum sínum við áhrifum fátæktar þannig að þau þurfa ekki að líða skort og hafa sömu möguleika og aðrir jafnaldrar þeirra. Þetta á þó aðallega við þegar um fátækt í skamman tíma er að ræða. Þó hefur það einnig sýnt sig að efnameiri fjölskyldur geta vanrækt þarfir barna sinna þó svo að þeir hafi umtalsverðar tekjur til dæmis þegar útgjöld foreldra eru meiri en tekjur þeirra eru s.s. vegna spilafíknar, veikinda, skulda, neyslu eða þeir hafi fyrir fleirum að sjá en þeim sem teljast til heimilisins, til dæmis innflytjendafjölskyldur sem þurfa að senda peninga til heimalandsins (Guðný Björk Eydal og Jeans, 2008).

Fjölskyldumynstur, skilnaðir innan fjölskyldunnar, fjöldi barna sem fólk eignast og hvenær þau eignast þau hefur allt áhrif á hættuna á fátækt barnanna. Í flestöllum löndum í

Evrópusambandinu eru börn sem búa hjá einstæðu foreldri eða í stórum fjölskyldum í meiri hættu. Að meðaltali búa eitt af hverjum 10 börnum innan Evrópusambandsins hjá einstæðu foreldri. Hættan á fátækt hjá börnum á það til að aukast með aldrinum þar sem framfærslur til barna minnka eða hætta alveg eftir því sem börnin eldast (Tárki Social Research Institute Inc og Applica, 2010).

Árið 2004 birtu Leinonen, Punamäki og Solantaus rannsókn sem beindist að andlegri heilsu þeirra barna sem urðu fyrir áhrifum kreppunnar í Finnlandi. Þá var einnig skoðuð andleg líðan foreldra þeirra til að sjá hvaða áhrif hún hefði á líðan barnanna. Atvinnuleysi hafði aukist úr 3,4% 1990 í 18% árið 1994 og fjölskyldurnar þurftu því að skera umtalsvert niður í útgjöldum sínum. Á þessum tíma skapaðist mikið óvissuástand á vinnumarkaði sem getur valdið miklu aukaálagi tilfinningalega og slæmri sálrænni líðan bæði hjá börnum og foreldrum. Slík varð líka raunin í Finnlandi því almennt hlutfall þunglyndra jókst verulega hjá þeim einstaklingum sem voru börn á þeim tíma sem efnahagslægðin stóð yfir .

Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu neikvæðar breytingar á sálrænni líðan foreldra, bæði í tengslum við samskipti hjóna og uppeldishæfni. Þessir þættir höfðu mestu áhrifin á sálræna líðan barna á þessum tíma efnahagslegra þrenginga. Því það hefur sýnt sig að séu foreldrar pirraðir/þunglyndir eru þeir líklegri til að vera stjórnsamari við börnin og sýna einnig mun meiri aga. Við það skortir börnin oft hlýju ásamt því að samskiptin við foreldrana verða erfið og sundurtætt. Þetta getur leitt til alvarlegra afleiðinga þegar kemur að sálrænni líðan barna. Einnig getur refsimiðað uppeldi valdið börnum alvarlegum andlegum kvillum, eins þunglyndi og kvíða (Leinonen o.fl., 2004).

Samkvæmt rannsókn Leinonen og féлага (2002) hafa fjárhagserfiðleikar fjölskyldu áhrif á gæði uppeldis foreldra vegna fjárhagsáhyggja þeirra, geðheilsu og vegna samskipta þeirra innan hjónabandsins. Vegna lægri tekna, óstöðugleika atvinnumarkaðarins og nýlegra breytinga á tekjum fjölskyldunnar finna foreldrar fyrir miklum fjárhagslegum þrýstingi. Sýnt

var fram á að þessi þrýstingur myndar kvíða hjá foreldrunum sem þá tengist einnig félagslegri vanvirkni þeirra. Samkvæmt niðurstöðum varð þessi þrýstingur til þess að foreldrar beittu frekar refsingum á börnin sín, voru minna í tengslum við þau og voru ekki jafn áreiðanlegir. Kvíði virtist hafa mestu áhrifin á heimilislífið. Kvíði föðurins birtist í yfirvalds- og fjandsamlegum aga ásamt því að báðir foreldrar veittu því minni athygli hvar börnin þeirra væru vegna eigin áhyggja. Þá virtist vera sem kvíði foreldra hefði mikil áhrif á samskipti fjölskyldunnar og á fjölskylduna sem heild. Þunglyndi hafði líka mikil áhrif á fjölskylduheildina þar sem það kom í ljós að þunglyndi móður latti hana í því að ráðleggja börnunum sínum, tala við þau og styðja þau þegar kom að mikilvægum málefnum.

Heilbrigðisyrfirvöld í Finnlandi settu ekki í gang neinar sérstakar aðgerðir í kreppunni til stuðnings börnum, unglíngum og atvinnuleitendum en þetta eru þeir hópar sem minnst mega sín og þurfa mesta stuðninginn á tímabilum sem þessum. Ýmsir finnskir fræðimenn segja það ódýrara að auka framlög til þessara málaflokka á krepputímum heldur en að draga saman seglin. Eftirmálar þessara flokka geta teygst anga sína langt fram yfir tímabil kreppunnar sjálfrar. Sem dæmi um þetta má nefna að tilkynningar til barnaverndaryfirvalda í Finnlandi árið 1995 voru 30.000 en árið 2005 voru þær komnar í 60.000. Þessar staðreyndir segja okkur að ekki er alltaf sparnaður að niðurskurði (Engilbert Sigurðsson o.fl., 2009).

Því gæti verið ráðlagt fyrir okkur að skoða reynslu Finna og reyna að draga einhvern lærdóm af henni með því að nýta þeirra niðurstöður, bera saman stöðuna þá og í dag. Aðstæður Finnlands eru töluvert líkar okkar að mörgu leyti. Þar er gott félags- og menntakerfi og atvinnu- og almannatryggingakerfið er svipað. Þeim hefur þó gengið enn betur því munurinn á milli fátækra og efnaðra er með því minnsta sem þekkist í heiminum þrátt fyrir að í flestum fjölskyldum séu báðir foreldrar útivinnandi (Leinonen o.fl., 2004).

Samantekt

Árangursríkasta leiðin til að meta lífsánægju er með stiga Cantrils. Hann mælir versta hugsanlega lífið til besta hugsanlega lífsins. Rannsóknir sýna fram á stúlkur eru að meðaltali örlítið neðar í stiganum en drengir. Þá kom í ljós að tengsl eru á milli fjölskyldumynsturs og lífsánægju og á milli félagshagfræðilega stöðu og lífsánægju. Börn sem koma frá sundruðum heimilum eru líklegri til að ganga illa í skóla og að eiga í vandræðum við að mynda sambönd við aðra. Þegar mikill ágreiningur er á milli foreldra hefur það áhrif á þroska barnanna.

Foreldrar sem lifa við mikla fátækt finna fyrir miklum kvíða og áhyggjum sem getur leitt til harkalegs og mótsagnakennds uppeldis. Því má segja að fátækt hafi bein áhrif á líðan unglunga. Aftur á móti benda gögn annarra rannsókna á sama efni til þess að batnandi efnahagur í fátækum fjölskyldum bæti sálræna líðan barnanna.

Þegar eitthvað bjátar á líta drengir oftast á vandamál sem áskorun en stúlkur draga sig í hlé og gefast upp. Skýra má mismun kynjanna í notkun bjargráða með því að sem börn eru drengir aldir upp í því að vera sjálfstæðari heldur en stúlkur.

Niðurstöður rannsókna sýna að sálvefræn einkenni eru algengari meðal stúlkna. Það er auðvelt að sjá sálvefræn einkenni hjá börnum og greina þörf fyrir úrræði í samfélaginu. Því fyrir sem vandamálin eru greind því fyrir er hægt að leysa þau. Þeir einstaklingar sem eru útsettari fyrir einkennum sem börn eru líklegri til að fá sálvefræna sjúkdóma á fullorðinsárum.

Efnahagshrunið 2008 á Íslandi er hliðstætt efnahagshruninu sem átti sér stað í Finnlandi 1990. Því er getur verið gagnlegt fyrir Íslendinga að skoða reynslu Finna og reyna að draga lærdóm af.

Kafli 3

Aðferðafræði

Í þessum kafla verður farið yfir þá rannsóknaraðferð sem notast var við í verkefninu. Fjallað verður um HBSC rannsóknina, hvernig gagnasöfnunin og greining gagnanna fór fram. Að lokum verður farið yfir möguleg siðferðileg álitamál við rannsóknir af þessu tagi og samantekt á efni kaflans.

Rannsóknaraðferð

Við gerð rannsóknarinnar var notast við meginlega (quantitative) rannsóknaraðferð. Sú rannsóknaraðferð er byggð á heimspekilegri raunhyggju (empiricism) eða raunspeki (positivism). Þetta er formlegt, hlutlægt og kerfisbundið ferli til að skýra út, kanna samband og rannsaka orsakir og afleiðingar milli breyta (Burns og Grove, 2009). Meginleg aðferð byggist á því að finna meðaltöl og dreifingu hvers hóps fyrir sig og sýna hvernig tengslin á milli þeirra eru. Gögnum er aflað með spurningalistum, tilgáta sett fram og reynt að styðja eða hrekja tilgátuna (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003). Með spurningalista var hægt að ná til fleiri þátttakenda og ættu því rannsóknarniðurstöður að vera áreiðanlegri. Þægilegt og fljótlegt var að leggja spurningalistann fyrir. Þegar safna á fjölbreyttum gögnum á skömmum tíma eru spurningakannanir bestu kosturinn og í því felst styrkur þeirra (Þorlákur Karlsson, 2003).

Sýn meginlegra aðferða er breið og nær yfir vítt svið. Því er auðvelt að notast við upplýsingar úr stórum þýðum á stuttum tíma. En ókostirnir eru að ekki er farið djúpt í viðfangsefnið og ekki myndast tengsl við þátttakendur og því er hægt að missa af mikilvægum hlutum sem hafa áhrif á viðfangsefnið en kostirnir eru breiddin og víddin sem þessar aðferðir gefa okkur (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003).

Fjórar tegundir eru til af meginlegri rannsóknaraðferð það er að segja lýsandi- (e. descriptive), fylgni- (e. correlational), háftilraunar- (e. quasi-experimental) og tilraunar (e. experimental) rannsóknaraðferðir (Burns og Grove, 2009).

Notast var við lýsandi rannsóknaraðferð í þessari rannsókn. Tilgangur lýsandi rannsóknaraðferðar er að rannsaka og lýsa fyrirbærum í raunverulegu ástandi. Þessi aðferð er notuð til að gefa af sér nýja þekkingu um hugtök og efni sem fáar eða engar rannsóknir hafa verið gerðar um. Í gegnum lýsandi rannsóknaraðferð er hugtökum lýst og sambönd skilgreind til að búa til grunn fyrir frekari meginlegar rannsóknir og prófun kenninga (Burns og Grove, 2009).

Rannsóknarspurningar

Rannsóknarspurningar eru:

- Hefur slæm fjárhagsstaða fjölskyldunnar áhrif á lífsánægju grunnskólanemenda?
- Er munur á lífsánægju drengja og stúlkna fyrir og eftir efnahagshrun?
- Er munur á sálvefrænni líðan drengja og stúlkna fyrir og eftir efnahagshrun?
- Hefur slæm fjárhagsstaða fjölskyldunnar áhrif á sálvefræna líðan grunnskólanemenda?

Tilgátur

Tilgátur rannsækenda eru:

- Slæm fjárhagsstaða fjölskyldunnar hefur neikvæð áhrif á lífsánægju grunnskólanemenda.
- Lífsánægja stúlkna er minni en lífsánægja drengja árið 2010.
- Sálvefræn líðan grunnskólanemenda hefur versnað milli ára.
- Sálvefræn líðan stúlkna er verri en drengja milli ára
- Slæm fjárhagsstaða fjölskyldunnar hefur neikvæð áhrif á sálvefræna líðan grunnskólanemenda.

Úrtak og þýði

Þýði (e. population) rannsókna eru einstaklingar sem uppfylla skilyrði rannsóknarinnar. Skilgreining þýðisins byggist á úrtaki rannsóknarinnar. Þýði er hópur sem

rannsóknarniðurstöður eru ályktaðar um. Úrtak (e. sample) er ákveðinn hópur sem valinn er til að taka þátt í rannsókn, það er að segja sem á að skoða eða prófa og rannsakendur hafa upplýsingar um (Amalía Björnsdóttir, 2003; Burns og Grove, 2009).

Rannsóknarþýðið voru allir grunnskólanemendur fæddir árið 1994 sem mættir voru þann dag sem spurningalistinn var lagður fyrir. Árið 2006 var spurningalistanum skipt upp í A, B og C form vegna umfangs rannsóknarinnar og var C formið lagt fyrir 6. bekkina (sjá fylgiskjal A). Veturinn 2009/2010 var þessum formum breytt og var notaður tvískiptur spurningalisti, einn fyrir 6. og 8. bekkina og svo annar fyrir 10. bekkina. Því var úrtak þessarar rannsóknar sá hópur barna í 6. bekk 2006 sem svaraði C formi rannsóknarinnar og nemendur í 10. bekk 2010 sem svaraði spurningalista fyrir eldri nemendur (sjá fylgiskjal B).

Þessir tveir bekkir voru valdir vegna þess að þetta er sami árgangur sem tekur þátt í rannsókninni með fjögurra ára millibili. Rannsakendum þótti áhugavert að kanna hvort slæm fjárhagsstaða fjölskyldunnar hefði áhrif á sálvefræna líðan unglínganna og lífsánægju, sérstaklega í ljósi þess að efnahagshrun varð haustið 2008. Þeir vildu athuga hvort einhver breyting hefði orðið á lífsánægju og sálvefrænni líðan þeirra hvort sem það væri til hins betra eða verra og hvort fjárhagsleg staða hefði einhver áhrif á þær breytingar.

Gagnasöfnun og greining gagna

Gögnin voru HBSC spurningalistar úr verkefningu Heilsa og líðan skólabarna sem lagður var fyrir 6. bekk árið 2006 og annar listi lagður fyrir sama árganginn þegar hann var kominn í 10. bekk árið 2010. Tekin voru svör við völdum spurningum frá öllum nemendum 6. bekkjar 2006 og 10. bekkjar 2010. Rannsóknargögnin voru svo borin saman við þær heimildir sem notast er við í fræðilega kaflanum og voru fengnar úr bókum og af vefnum í gegnum gagnasöfnin CINAHL, EBSCOhost, ProQuest og Fræðasetur Google. Einnig var notast við leitarforritið Google og Gegnir.

Tölfræðileg úrvinnsla var unnin með SPSS forritinu. Stærsti kosturinn við þessa tölvutækni er að hægt er að framkvæma afar flóknar aðgerðir án mikillar fyrirhafnar. Í SPSS-forritinu er mögulegt að reikna marktektarpróf. Við úrvinnslu gagnanna var valið að notast við Pearson kí-kvaðrat, sem er marktektarpróf þar sem mögulegt er að meta hvort tveir hópar séu það ólíkir í ákveðinni mælingu að óhætt sé að fullyrða að svo sé einnig í þýði. Helst er Pearson kí-kvaðrat notað til að reikna út úr gögnum sem sett eru upp í töflu (Kjartan Ólafsson, 2003). Túlkun á marktekt miðast við núlltilgátu (yfirleitt að enginn munur sé á milli hópa eða að engin tengsl séu fyrir hendi) og þau marktektarmörk sem við setjum og í þessari rannsókn miðast þau við 0,05.

Mælingar

HBSC er alþjóðleg rannsókn sem unnin er fyrir Alþjóðaheilbrigðisstofnunina (WHO). Þetta er ein víðamesta rannsókn á sviði heilsu og heilsutengdrar hegðunar hjá ungu fólki í heiminum í dag og er hún lögð fyrir á fjögurra ára fresti. Veturinn 2005-2006 tóku alls 41 land þátt í rannsókninni á heimsvísu og 43 lönd veturinn 2009-2010. Íslenski hluti rannsóknarinnar nefnist Heilsa og lífskjör skólanema. Rannsóknin náði til 11.800 nemanda í 6., 8. og 10. bekk í 166 skólum veturinn 2005-2006 að undanskildum sérskólum og var svarhlutfall 86% (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2006). Veturinn 2009-2010 voru 3857 nemendur í 10. bekk sem svöruðu spurningalista HBSC á Íslandi.

HBSC rannsóknin beinist að ýmsum þáttum í lífi ungs fólks, má þar nefna félagslegar aðstæður, tengsl við foreldra og vini, mataræði, hreyfingu og tómstundir. Þessi rannsókn nær til margra þátta sem snúa að heilsu grunnskólanemenda, eins og hversu oft þau finna fyrir einkennum á við bakverk, höfuðverk, pirring og fleira sem hægt er að nota til að meta sálvefræna líðan þeirra. En líka er sjónum beint að áhættuhegðun á meðal eldri nemanda, eins og óábyrgri kynhegðun og vímuefnaneyslu. Með þátttöku í þessari alþjóðlegu rannsókn mun þekking og skilningur á heilsu og lífskjörum unga fólksins okkar aukast. Störf fræðimanna og

fólks sem vinnur að forvörnum unga fólksins mun eflast og styrkjast (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2006).

Þegar athugað er hvort niðurstöður standi fyrir því efni sem verið er að rannsaka er notað svokallað innra réttmæti. Ýmsir þættir geta skekkt niðurstöður og því ógnað innra réttmæti en þetta eru þættir eins og saga og þroski þeirra sem rannsakaðir eru. Ytra réttmæti á við um hversu vel við getum alhæft um niðurstöðurnar en í meginlegum rannsóknum þarf að skipuleggja mælitækið vel, hafa góða stjórn á breytum auk fleiri atriða til að geta alhæft niðurstöðurnar (Guðrún Árnadóttir, 2003).

Til að meta sálvefræna líðan grunnskólanemenda var ákveðið að nota spurningu sem var númer 22 í spurningalista sem lagður var fyrir 6. bekk 2006 (sjá fylgiskjal A) og númer 25 í spurningalista fyrir 10. bekk 2010 (sjá fylgiskjal B). Þar var þátttakandinn beðinn um að meta hversu oft á síðustu 6 mánuðum hann hafði fundið fyrir höfuðverk, bakverk, magaverk, depurð, taugaóstyrkleika, pírring, erfiðleika við að sofna og svima. Hver spurning hafði fimm valmöguleika, u.þ.b. daglega, oft í viku, u.þ.b. vikulega, u.þ.b. mánaðarlega og svo sjaldan/aldrei, með gildi frá einum upp í fimm. Tekið var meðaltal af svörum grunnskólanemendanna. Meðaltalið var svo dregið frá fimm til að lágt gildi myndi jafngilda góðri líðan og hátt gildi myndi jafngilda slæmri líðan. Til að fá hlutfallstölu var deilt upp í með fjórum og margfaldað með 10 til að fá töluna á skalann 0-10 þar sem lág tala er góð sálvefræn líðan og há tala merkir slæma sálvefræna líðan.

Árið 1959 kom Hedly Cantril fram með nýja leið til að meta lífsánægju einstaklinga. Einstaklingarnir fengu spurningu með stiga sem var á skalanum 0-10, 0 merkti versta hugsanlega lífið og 10 var besta hugsanlega lífið. Þessi leið við að fá einstaklingana til að meta lífsánægju sína leyfir fjölbreyttari svör og hún beinist einnig að núverandi ástandi á lífsánægju einstaklingsins. Þessi spurning er enn þann dag í dag notuð í spurningalistum og hefur verið notuð í 19 spurningalistum sem enn eru í gangi. Þetta er ein mesta notaða

spurningin til að meta lífsánægju einstaklingsins (Veenhoven og Hagerty, 2006). Þessi stigi er í HBSC spurningalistanum og notuðum við hann til að meta lífsánægju grunnskólanemendanna. Árið 2006 er spurningin númer 24 í spurningalistanum (sjá fylgiskjal A) og númer 21 árið 2010 (sjá fylgiskjal B). Ákveðið var að sýna gögnin í þrem flokkum til að draga betur saman breytingarnar í hverjum flokk fyrir sig. Meðaltal var notað sem miðjugildi og þeir sem mátu lífsánægju 7-8 í stiga Cantrils voru því með meðallífsánægju. Þeir sem mátu lífsánægju 9-10 töldum við því hafa mikla lífsánægju og þeir sem mátu lífsánægju 6 og undir væru með litla lífsánægju.

Til að meta fjárhagsstöðu fjölskyldunnar var notuð spurningin „Hversu gott telur þú fjölskylduna þína hafa það fjárhagslega?“ sem er spurning númer 32 í spurningalistanum fyrir 6. bekk 2006 (sjá fylgiskjal A) en númer 57 í spurningalistanum fyrir 10. bekk 2010 (sjá fylgiskjal B). Við framsetningu gagna var ákveðið að setja saman svarmöguleikana góð og mjög góð í einn flokk, góð fjárhagsstaða, og einnig að setja saman svarmöguleikana slæm og mjög slæm í einn flokk, slæm fjárhagsstaða.

Breyturnar voru síðan keyrðar samhliða spurningunni sem sneri að fjárhag fjölskyldunnar. Í SPSS forritinu er sá möguleiki fyrir hendi að setja tvær breytur eða fleiri upp í krosstöflur til að sjá tengsl þeirra. Var það gert við þær breytur sem voru til umfjöllunar í þessari rannsókn.

Eftir að úrvinnslu gagna var lokið í SPSS var tölfræðiupplýsingunum breytt í myndir og töflur með aðstoð Microsoft Excel.

Siðferðislegar vangaveltur

Á Íslandi þurfa rannsóknir á mönnum samkvæmt lögum að hljóta samþykki siðanefndar. Siðanefndir eiga almennt að sjá til að fyrirhugaðar rannsóknir samrýmist alþjóðlegum siðareglum og eiga að vernda réttmæta hagsmuni þátttakenda í vísindarannsóknum. Á sérstöku upplýsingablaði, sem á að fylgja öllum spurningalistum sem

lagðir eru fyrir, eiga að koma fram upplýsingar um vísindarannsóknina, áhættu sem kann að vera fólgin í þátttöku, hugsanlegan ávinning og hvað þátttaka felur í sér. Þær þurfa að vera settar fram á þann hátt að þátttakandi geti skilið þær. Einnig skal þátttakanda gerð grein fyrir því að hann sé ekki skyldugur til þátttöku og geti hætt hvenær sem er eftir að þátttaka er hafin. Einnig að ekki þurfi að svara öllum spurningum sem í listanum eru (Sigurður Kristinsson, 2003).

Öll tilskilin leyfi voru fengin áður en HBSC rannsóknin var lögð fyrir.

Spurningalistinn var lagður fyrir þátttakendur og fremst í honum var upplýsingablað þar sem kom fram tilgangur rannsóknarinnar, að svara ætti spurningum nafnlaust og að öll svör væru trúnaðarmál. Leiðbeiningar voru um hvernig ætti að svara spurningum, að ekki væri skylda að svara öllum spurningum og hvernig ætti að fara með listann eftir að honum hafði verið svarað, þ.e. að setja spurningalistann í umslag og líma fyrir. Á upplýsingablaðinu var einnig sagt að öll umslög yrðu opnuð á sama tíma og spurningalistar lesnir beint inn í tölvu. Þannig væri ekki hægt að sjá við úrvinnslu gagnanna hvaða einstaklingur svaraði hvaða lista.

Ekki var þörf á að fá sérstakt leyfi vísindasiðanefndar fyrir þessari rannsókn, þar sem tölulegar upplýsingar sem notast var við höfðu áður fengið samþykki nefndarinnar. Kjartan Ólafsson lektor og meðlimur í rannsóknarteymi HBSC á Íslandi gaf leyfi fyrir notkun þessara gagna.

Samantekt

Megindleg rannsóknaraðferð var notuð í þessari ritgerð. Með slíkum aðferðum er hægt að fá upplýsingar úr stórum þýðum á stuttum tíma. En ókostirnir eru að ekki er farið djúpt í viðfangsefnið. Sú meginlega aðferð sem notuð var lýsandi rannsóknaraðferð en þá er hugtökum lýst og sambönd skilgreind til að búa til grunn fyrir frekari meginlegar rannsóknir og prófun kenninga.

HBSC er alþjóðleg rannsókn sem unnin er fyrir Alþjóðaheilbrigðisstofnunina (WHO). Þetta er ein víðamesta rannsókn á sviði heilsu og heilsutengdrar hegðunar hjá ungu fólki í heiminum í dag og er hún lögð fyrir á fjögurra ára fresti.

Rannsóknarþýði HBSC voru grunnskólanemendur í 6. bekk árið 2006 og í 10. bekk 2010, þ.e. þeir sem mættu í skólann þann dag sem spurningarlisti HBSC var lagður fyrir. Vegna umfangs rannsóknarinnar var spurningalistanum skipt í A, B og C form árið 2006 en einungis í tvennt árið 2010 (spurningalisti fyrir yngri og eldri nemendur). Þær spurningar sem notaðar voru frá árinu 2006 komu úr spurningalista C (sjá fylgiskjal A) og árið 2010 var það spurningalisti fyrir eldri nemendur sem notaður var (sjá fylgiskjal B).

Ekki reyndist nauðsynlegt að fá leyfi vísindasiðanefndar til að vinna úr þessum gögnum þar sem framkvæmdaraðilar HBSC rannsóknarinnar höfðu áður fengið samþykki nefndarinnar.

Kafla 4

Niðurstöður rannsóknarinnar


Í þessum kafla verða helstu niðurstöður rannsóknarinnar kynntar. Settar verða fram myndir, töflur og ritað mál þar sem á við. Tilgangur þessa verkefnis er að kanna breytingar á lífsánægju og sálvefrænni líðan grunnskólanemenda frá því þau voru í 6. bekk og þar til í 10. bekk með það í huga að í millitíðinni varð efnahagshrun á Íslandi. Einnig hvort fjárhagsstaða fjölskyldunnar hefði áhrif á sálvefræna líðan þeirra og hvaða einkenni eru algengust hjá hvoru kyni fyrir sig.

Lífsánægja grunnskólabarna

Tafla 4.1 Stigi Cantrils - lífsánægja


	Drengir	Stúlkur	Spönn	Meðaltal	Staðalfrávik
Heildaryfirlit	50,5%	49,5%	0-10	7,7902	1,92582
2006 (n=3889)	50,5%	49,5%	0-10	8,0723	1,86968
2010 (n=3857)	50,5%	49,5%	0-10	7,5112	1,94008

Árið 2006 voru 3889 grunnskólanemendur sem svöruðu listanum og árið 2010 voru þau 3857. Heildarsvarhlutfall var 97,4%, árið 2006 var það 96,4% og 2010 var það 98,3%. Skipting kynja milli ára er eins bæði árin, en þó svöruðu 2,1% fleiri grunnskólanemendur árið 2010. Meðaltalið var hærra 2006 en staðalfrávikkið var meira 2010 (Tafla 4.1.) Það er marktækur munur milli kynjanna bæði árin. Árið 2006 $\chi^2(2, N=3735)=10,656, p=0,005$. Árið 2010 $\chi^2(2, N=3750)=8,927, p=0,012$. Það var marktækur munur milli ára eins og sést í töflu 4.1 $\chi^2(2, N=7541)=225,305, p=0,000$.




Mynd 4.1 Stigi Cantrils – lífsánægja.

Dreifing grunnskólanemenda eftir mati þeirra á lífsánægju sinni og munurinn milli ára sést vel á mynd 4.1. Árið 2006 voru 614 grunnskólanemendur sem mátu lífsánægju sína undir 6 en árið 2010 hafði þeim fjölgað um 194 nemendur eða í 808. Grunnskólanemendum sem mátu lífsánægju sína á bilinu 7-8 fjölgaði einnig milli ára, úr 1273 árið 2006 í 1744 árið 2010 sem var aukning um 471 grunnskólanemanda. Þeim fækkaði sem mátu lífsánægju sína á bilinu 9-10 á milli ára, úr 1863 árið 2006 í 1239 árið 2010, eða um 624 nemendur.




Mynd 4.2 Meðaltal lífsánægju grunnskólanemenda árin 2006 og 2010



Mynd 4.3 Meðaltal lífsánægju grunnskólanemenda eftir kyni og ártali

Meðaltal lífsánægju árið 2006 var hærra en árið 2010 (mynd 4.2) og meðaltal hjá stúlkum tók meiri breytingum á milli ára en meðaltal drengjanna (mynd 4.3.).



Mynd 4.4 Lífsánægja – skipting eftir kyni.


Skipting lífsánægju eftir kyni sýndi að fleiri drengir en stúlkur mátu lífsánægju sína undir 6 árið 2010 en árið 2006 og var munurinn 2,18%. Stúlkur mátu einnig lífsánægju sína minni árið 2010 en árið 2006 en munurinn var mun meiri en hjá drengjum eða 7,61%. Færri nemendur svöruðu spurningunni árið 2010 eins og sést í töflu 4.1. Stúlkur mældust með meiri aukningu í flokki 7-8 en drengirnir árið 2010 (mynd 4.4).

Fjárhagsstaða fjölskyldunnar

Tafla 4.2 Hversu gott telur þú fjölskyldu þína hafa það fjárhagslega?


	Drengir	Stúlkur	Spönn	Meðaltal	Staðalfrávik
Heildaryfirlit	50,4%	49,6%	1-5	1,9706	0,89139
2006 (n=3871)	50,1%	49,9%	1-5	1,702	0,78968
2010 (n=3816)	50,7%	49,3%	1-5	2,2728	0,90259

Fyrir spurninguna „Hversu gott telur þú fjölskylduna þína hafa það fjárhagslega?“ var heildarsvarhlutfallið 92,5% fyrir bæði árin, árið 2006 var svarhlutfallið 97,6% en árið 2010 var það 87,5%. Það var ekki marktækur munur á milli kynjanna árið 2006, χ^2 (2, N=3779)=2,714, p=0,257. En árið 2010 var marktækur munur á milli kynjanna, χ^2 (2, N=3337)=12,326, p=0,002. Í töflu 4.2 sést einnig að marktækur munur er milli ára án þess að kynin séu sundurgreind, χ^2 (2, N=7168)=526,841, p=0,000.



Mynd 4.5 Fjárhagsstaða fjölskyldunnar að mati grunnskólanemenda


Færri mátu fjárhagsstöðu fjölskyldu sinnar góða árið 2010 (n=2054) en árið 2006 (n=3214). Þeir sem mátu fjárhagsstöðuna miðlungs fjölga milli árunna 2006 (n=507) og 2010 (n=1077). Einnig fjölgaði þeim sem mátu hana slæma árið 2010 (n=242) frá árinu 2006 (n=74) (mynd 4.5).




Mynd 4.6 Fjárhagsstaða fjölskyldunnar eftir kyni og ártali

Árið 2006 var matið svipað hjá drengjum og stúlkum en munurinn var aðeins meiri á milli kynjanna árið 2010. Árið 2006 mátu bæði stúlkur og drengir að fjárhagsstaða fjölskyldunnar væri góð að miklum meirihluta (84,41% drengir og 85% stúlkur) en einungis 1,64% drengja mátu fjárhagsstöðuna slæma og 2,23% stúlkna sömuleiðis. Árið 2010 var breyting þar á en þá mátu 6,15% drengja fjárhagsstöðuna slæma og 8,2% stúlkna (mynd 4.6).

Tengsl lífsánægju við fjárhagsstöðu fjölskyldunnar

**Mynd 4.7 Skipting lífsánægju undir 6 eftir fjárhagsstöðu og ári**

Þeir sem mátu lífsánægju sína undir 6 og mátu fjárhagsstöðuna slæma fjölgar frá árinu 2006 (n=37) til ársins 2010 (n=133) og miðlungs (n=171 í n= 297). Hins vegar fækkar þeim sem meta fjárhagsstöðuna góða (n=390 í n=280) eða um 110 grunnskólanema (mynd 4.7).



Mynd 4.8 Lífsánægja undir 6 og slæm fjárhagsstaða

Fjöldi þeirra grunnskólanemenda sem mátu fjárhagsstöðu fjölskyldunnar slæma og lífsánægju sína undir 6 sést á mynd 4.8. Það var marktækur munur milli ára χ^2 (4, $N=7013$)=732,664, $p=0,000$. Aukningin var 96 grunnskólanemendur, eða frá 37 í 133 nemendur milli ára. Hlutfallsleg aukning þeirra sem mátu fjárhagsstöðu fjölskyldunnar slæma og mátu lífsánægja undir 6 er 4,26% á milli ára, eða fór úr 51,39% árið 2006 í 55,65% árið 2010 (tafla 4.3).


Tafla 4.3 Hlutfall mats á lífsánægju hjá þeim sem meta fjárhagsstöðu fjölskyldunnar slæma

Slæm fjárhagsstaða	undir 6	7-8	9-10
2006 (n=72)	51,39%	30,56%	18,06%
2010 (n=239)	55,65%	33,89%	10,46%

Sálvefræn líðan grunnskólabarna**Tafla 4.4 Sálvefræn líðan**


Sálvefræn líðan	Drengir	Stúlkur	Spönn	Meðaltal	Staðalfrávik
Heildaryfirlit	50,5%	49,5%	0-10	3,2151	2,11807
2006 (n=3866)	50,3%	49,7%	0-10	2,8203	1,95025
2010 (n=3824)	50,7%	49,3%	0-10	3,617	2,20499

Heildarsvarhlutfall fyrir sálvefræna líðan var 99,3%. Það var ekki marktækur munur milli kynja árið 2006 (χ^2 (9, N=3850)=13,956, p=0,124). En árið 2010 var marktækur munur milli kynja, (χ^2 (9, N=3783)=241,557, p=0,000). Það var einnig marktækur munur milli ára án sundurgreiningar kynjanna, (χ^2 (9, N=7633)=158,438, p=0,000) (tafla 4.4).




Mynd 4.9 Sálvefræn líðan

Þeim fækkaði umtalsvert sem höfðu góða sálvefræna líðan, eða 1, frá árinu 2006 til 2010. Einnig fækkaði örlítið þeim sem höfðu sálvefræna líðan upp á 2. Það fjölgaði í hinum flokkunum (mynd 4.9).




Mynd 4.10 Sálvefræn líðan - drengir

Þeim drengjum fækkaði umtalsvert sem leið best sálvefrænt (1), frá árinu 2006 (n=684) til ársins 2010 (n=472), þeim fjölgaði sem leið verst sálvefrænt (10) úr 15 árið 2006 í 46 árið 2010 (mynd 4.10)




Mynd 4.11 Sálvefræn líðan - stúlkur

Stúlkur sem höfðu góða sálvefræna líðan (1) fækkaði úr 603 árið 2006 í 214 árið 2010. Stúlkur sem höfðu slæma sálvefræna líðan (10) fjölgaði úr 12 í 34 milli ára. Aukningin var hjá þeim sem höfðu sálvefræna líðan sína upp á 5, en þær stúlkur voru 180 árið 2006 en 334 árið 2010 (mynd 4.11).



Mynd 4.12 Áhrif fjárhagsstöðu á sálvefræna líðan

Þeir grunnskólanemendur sem höfðu góða sálvefræna líðan og fjárhagsstöðu einnig góða fækkaði á milli ára ($n=2330$ í $n=1258$). Hins vegar fjölgaði þeim sem höfðu slæma sálvefræna líðan og höfðu jafnframt slæma fjárhagsstöðu að eigin mati milli ára (mynd 4.12).




Mynd 4.13 Slæm sálvefræn líðan og fjárhagsstaða

Þeir grunnskólanemar sem höfðu slæma sálvefræna líðan og mátu fjárhagsstöðuna góða voru nánast jafnmargir árin 2006 ($n=148$) og 2010 ($n=150$). Hins vegar fjölgaði þeim á milli ára sem mátu fjárhagsstöðuna miðlungs ($n=43$ í $n=132$) og slæma ($n=27$ í $n=82$) (mynd 4.13).

Tafla 4.5 Skipting á sálvefrænum einkennum hjá drengjum


Drengir	Höfuðverkur			Magaverkur			Depurð			Píringur		
	2006	2010	%-breyting	2006	2010	%-breyting	2006	2010	%-breyting	2006	2010	%-breyting
Upb daglega	103	99	-3,9%	68	70	2,9%	69	105	52,2%	161	173	7,5%
Oft í viku	160	159	-0,6%	133	111	-16,5%	142	120	-15,5%	285	344	20,7%
Upb vikulega	195	287	47,2%	209	211	1,0%	234	219	-6,4%	365	520	42,5%
Upb mánaðarlega	416	494	18,8%	454	514	13,2%	495	539	8,9%	525	552	5,1%
Sjaldan/aldrei	1016	875	-13,9%	1029	990	-3,8%	915	894	-2,3%	561	313	-44,2%
Drengir	Bakverkur			Taugaóstyrkleiki			Erfitt að sofna			Svimi		
	2006	2010	%-breyting	2006	2010	%-breyting	2006	2010	%-breyting	2006	2010	%-breyting
Upb daglega	77	130	68,8%	54	87	61,1%	195	179	-8,2%	80	102	27,5%
Oft í viku	83	162	95,2%	90	122	35,6%	207	199	-3,9%	87	147	69,0%
Upb vikulega	121	270	123,1%	171	243	42,1%	207	260	25,6%	135	201	48,9%
Upb mánaðarlega	262	420	60,3%	385	487	26,5%	315	418	32,7%	262	356	35,9%
Sjaldan/aldrei	1327	915	-31,0%	1160	954	-17,8%	968	845	-12,7%	1323	1094	-17,3%

Tafla 4.5 sýnir prósentubreytinguna á hverju einkennum fyrir sig milli ára hjá drengjum og breytinguna á fjölda þeirra milli ára. Drengir höfðu aukin einkenni á milli ára oft í viku sem lýstu sér í píringi, bakverk, taugaóstyrkleika og svima. Einkenni sem voru u.þ.b. daglega og jukust á milli ára voru magaverkur, depurð, píringur, bakverkur, taugaóstyrkleiki og svimi. Það voru mismiklar breytingar en má þar nefna að bakverkur jókst um 123,1% milli ára í u.þ.b. vikulega en einnig í oft í viku um 95,2%. Hjá drengjunum voru þetta stærstu breytingarnar.



Mynd 4.14 Skipting sálvefræna einkenna hjá drengjum

Af þeim fjórum einkennum sem sýnd eru á mynd 4.14 voru ekki miklar breytingar Milli ára sem birtust u.þ.b. daglega nema í depurð og pírring og var þá aukning (mynd 4.14).




Mynd 4.15 Skipting sálvefræna einkenna hjá drengjum

Mesta aukningin var í einkennunum sem birtust u.þ.b. daglega/oft í viku, þ.e. bakverkur, taugaóstyrkleiki og svimi (mynd 4.15).

Tafla 4.6 Skipting á sálvefrænum einkennum hjá stúlkum


Stúlkur	Höfuðverkur			Magaverkur			Depurð			Píringur		
	2006	2010	%-breyting	2006	2010	%-breyting	2006	2010	%-breyting	2006	2010	%-breyting
Upp daglega	128	184	43,8%	102	97	-4,9%	129	158	22,5%	136	213	56,6%
Oft í viku	210	295	40,5%	159	219	37,7%	176	283	60,8%	249	431	73,1%
Upp vikulega	260	350	34,6%	253	352	39,1%	264	377	42,8%	365	514	40,8%
Upp mánaðarlega	364	484	33,0%	480	667	39,0%	483	544	12,6%	501	531	6,0%
Sjaldan/aldrei	920	548	-40,4%	891	520	-41,6%	820	479	-41,6%	619	169	-72,7%
Stúlkur	Bakverkur			Taugaóstyrkleiki			Erfitt að sofna			Svimi		
	2006	2010	%-breyting	2006	2010	%-breyting	2006	2010	%-breyting	2006	2010	%-breyting
Upp daglega	74	200	170,3%	57	126	121,1%	168	193	14,9%	77	131	70,1%
Oft í viku	99	240	142,4%	95	267	181,1%	194	282	45,4%	112	207	84,8%
Upp vikulega	130	255	96,2%	188	387	105,9%	179	307	71,5%	116	262	125,9%
Upp mánaðarlega	255	430	68,6%	341	533	56,3%	349	380	8,9%	270	392	45,2%
Sjaldan/aldrei	1305	721	-44,8%	1195	538	-55,0%	987	691	-30,0%	1311	865	-34,0%

Stúlkur höfðu aukningu í öllum sálvefrænum einkennum oft í viku á milli ára. Einnig u.þ.b. daglega í öllum einkennum nema magaverk. Mesta prósentu aukningin var þó í taugaóstyrkleika en hún jókst um 181,1% á milli ára í oft í viku en líka jókst hún um 121,1% í um það bil daglega einkennunum. Bakverkir voru líka með mikla aukningu í einkennum u.þ.b. daglega á milli ára eða um 170,3% (tafla 4.6).



Mynd 4.16 Skipting á sálvefrænum einkennum hjá stúlkum

Myndræn framsetning á töflu 4.6 er á mynd 4.16 og mynd 4.17 og sýnir hvernig skipting einkenna sálvefrænnar líðanar var hjá stúlkum. Af þeim fjórum einkennum sem sýndar eru á mynd 4.16 þá jókst pirringur mest milli ára í u.þ.b. daglega en einnig jukust höfuðverkur og depurð í sama svarmöguleika.



Mynd 4.17 Skipting sálvefræna einkenna hjá stúlkum

Á mynd 4.17 er eins og á mynd 4.16 miklar breytingar hjá stúlkum milli ára en þó eru hvað mestu breytingarnar í einkennunum bakverkir og taugaóstyrkleiki. Þar fækkaði í svarmöguleikanum sjaldan/aldrei og aukning átti sér stað í vikulega og u.þ.b. daglega, allt frá 14,9% upp í 181,1% milli ára.

Samantekt

Árið 2006 tóku 1949 drengir þátt og 1923 stúlkur, heildarfjöldi nemanda var því 3889. Árið 2010 voru það 1940 drengir og 1876 stúlkur sem tóku þátt í rannsókninni, því var heildarfjöldi nemenda það árið 3857. Svarhlutfall milli ára var alls staðar yfir 96,4% nema í spurningunni „Hversu gott telur þú fjölskylduna þína hafa það fjárhagslega?“ en þar svöruðu 87,5% þeirra sem tóku þátt í könnuninni árið 2010. Kynjaskipting er svipuð í öllum spurningunum eða drengir með rúm 50% en stúlkur tæp 50%.

Niðurstöður sýndu breytingar á milli ára og fækkaði á milli ára þeim sem mátu lífsánægju sína góða og einnig fækkaði þeim sem mátu fjárhagsstöðu fjölskyldu sinnar góða. Því fjölgaði þeim einstaklingum sem mátu lífsánægju sem og fjárhagsstöðu sína miðlungs eða slæma. Lífsánægja grunnskólanemenda fór minnkandi milli ára en þó var munurinn meiri hjá stúlkum en drengjum. Munurinn á milli drengja og stúlkna sást best í mati á sálvefrænni líðan grunnskólanemenda og leið stúlkunum verr árið 2010 en árið 2006.

Svarhlutfallið var best í spurningu um sálvefræna líðan eða 99,3%. Það sást munur milli ára í þessari spurningu en þó var stærsta breytingin hjá stúlkunum. Hjá báðum kynjum voru færri grunnskólanemendur sem mátu sálvefræna líðan sína góða en aukning var í svarmöguleikanum miðlungs og slæm sálvefræn líðan.

Kaflí 5

Umfjöllun um niðurstöður rannsóknar

Í þessum kafla verða niðurstöður settar fram, þær túlkaðar af rannsakendum og bornar saman við aðrar rannsóknir á þessu sviði. Tilgangur þessa verkefnis var að kanna breytingar á lífsánægju og sálvefrænni líðan grunnskólanemenda frá því þau voru í 6. bekk og þar til í 10. bekk með það í huga að í millitíðinni varð efnahagshrun á Íslandi. Fjallað verður um niðurstöður, ályktað um svörin og tilgátur og rannsóknarspurningarnar ræddar. Í lok kaflans verður samantekt þar sem aðalatriði kaflans verða tekin saman.

Hefur slæm fjárhagsstaða fjölskyldunnar áhrif á lífsánægju grunnskólanemenda?

Fjölskyldum í fjárhagsvanda hefur fjölgað gífurlega eftir efnahagshrunið á Íslandi og tveimur árum eftir hrun hafa 10% heimila lent í vanskilum með húsnæðislán eða húsaleigu einhvern tímann á árinu. Árið sem efnahagshrunið varð var sú prósentá 5,5% (Hagstofa Íslands, 2010a). Margt getur haft áhrif á lífsánægju barna. Börn sem búa við erfiðar heimilisaðstæður eru líklegri til að ganga illa í skóla og eiga í vandræðum með að mynda sambönd við aðra. Rifriði foreldra eykur líkurnar á því að börn tileinki sér hegðun sem hefur slæm áhrif á heilsu þeirra ásamt því að heimiliserjurnar hafa áhrif á þroska barnanna. Hjónabandsrjúur hindra að foreldrar sýni börnunum sínum hlýju og öryggi, sem eru atriði sem skipta sköpum í tilfinningalegum þroska barna (Harold o.fl., 2001). Slæm fjárhagsstaða fjölskyldunnar ein og sér gerir ekki heimilisaðstæður slæmar. Viðbrögð foreldra við auknu álagi skiptir að mati rannsakenda meira máli en fjárhagsstaðan sjálf þegar kemur að lífsánægju barnanna. Þeim grunnskólanemendum sem mátu lífsánægju sína undir 6 og líka fjárhagsstöðu fjölskyldu sinnar slæma fjölgaði á milli ára, aukningin var 4,26% milli ára. Það kemur fram í rannsókn Halldórsson og féлага (1999) að jákvæð tengsl eru á milli félagshagfræðilegrar stöðu fjölskyldunnar og heilsu barna. Eftir því sem félagshagfræðileg

staða fjölskyldunnar er verri verður heilsa barnanna lakari og líklegt að það hafi um leið neikvæð áhrif á lífsánægju barnanna.

Í þessari rannsókn fækkaði þeim grunnskólanemendum sem mátu fjárhagsstöðu sína góða á milli ára á meðan þeim fjölgaði sem mátu fjárhagsstöðuna slæma og miðlungs á sama tímabili. Einnig fjölgaði þeim sem mátu lífsánægju sína undir 6 á stiga Cantrils sem og á bilinu 7-8 milli ára en fækkaði sem mátu lífsánægju sína á bilinu 9-10. Tilgátan, sem sett var fram um hvort fjárhagsstaða fjölskyldunnar hefði áhrif á lífsánægju grunnskólanemenda, var „slæm fjárhagsstaða fjölskyldunnar hefur neikvæð áhrif á lífsánægju grunnskólanemenda“. Marktækur munur var á milli ára á lífsánægju grunnskólanemenda eins og þeir mátu hana með stiga Cantrils og því stóðst tilgáta rannsækenda.

Rannsókn Leinonen og féлага (2004) sýndi fram á að á krepputímum skapast mikið óvissuástand á vinnumörkuðum sem veldur miklu aukaálagi tilfinningalega og það geti leitt til slæmrar sálrænnar líðanar hjá bæði börnum og foreldrum. Það hefur sýnt sig að foreldrar sem eru pirraðir/þunglyndir eru líklegri til að vera stjórnsamari við börnin og sýna mun meiri aga. Samskipti barnanna við foreldrana verða erfið og sundurtætt sem veldur því að börnin skortir stuðning og hlýju. Einnig getur refsimiðað uppeldi valdið börnum alvarlegum andlegum kvillum, eins og þunglyndi og kvíða.

Bradshaw og Richardsson (2009) komust að því í rannsókn sinni, þar sem unnið var með gögn frá árinu 2006, að huglæg velferð barna var í meðallagi hér á landi miðað við 28 önnur Evrópulönd en það er mat barnanna á eigin heilsu og velferð.

Fyrir efnahagshrunið á Íslandi var mikið lagt upp úr efnislegum gæðum. Þegar kreppan skall á var stoðum undan efnishyggjunni kippt í burtu og eftir stóð fólk í tilvistarkrísu. Börnin fóru ekki varhluta af þeirri krísu frekar en efnahagskreppunni sem kom í kjölfar hruns bankanna. Mætti leiða líkum að því að lífsánægja grunnskólanemenda dvíni við slíkt ástand.

Þá sýnir rannsókn Goosby (2007) fram á að mikið samband er á milli þess hversu lengi fjölskylda er fátæk og vandamála grunnskólanemenda á heimilinu. Túlkun Dearing (2008) á niðurstöðum annarra rannsókna er að batnandi efnahagur í fátækum fjölskyldum bæti sálræna líðan barna. Það vekur vonir um að þegar efnahagslægðin á Íslandi er gengin yfir fari líðan grunnskólanemenda batnandi.

Er munur á lífsánægju drengja og stúlkna fyrir og eftir efnahagshrun?

Tilgátan sem sett var fram við gerð rannsóknarinnar í tengslum við muninn á lífsánægju drengja og stúlkna var „lífsánægja stúlkna er minni en lífsánægja drengja milli ára.“ Sú tilgáta stenst þar sem það er marktækur munur á lífsánægju kynjanna bæði árin en munurinn endurspeglast í meðaltali lífsánægju árin 2006 og 2010. Meðaltöl kynjanna sýndu þessar breytingar vel, stúlkurnar voru með hærra meðaltal árið 2006 en drengirnir en lægra árið 2010. Það sást best í því að drengirnir lækkuðu um 0,39 en stúlkurnar um 0,72 á milli ára. Athyglisvert er að breytingin var meiri hjá stúlkum sem mátu lífsánægju sína 6 og undir en hjá drengjum sem mátu lífsánægjuna á sama bili.

Rannsókn Bjarnason og fleiri (2010), byggð á gögnum úr HBSC spurningalistanum frá vetrinum 2005-2006 og ber saman rannsóknargögn frá 36 vestrænum löndum, sýnir fram á að stúlkur eru neðar á lífsánægjustiga Cantrils en drengir en þó er talsverður breytileiki milli landa. Munur er á mati barna, sem meta fjárhagsstöðu fjölskyldunnar góða og þeirra sem meta fjárhagsstöðuna slæma, á lífsánægju sinni þannig að með betri fjárhagsstöðu kemur meiri lífsánægja. Í þeirri rannsókn var tekið tillit til fjölskyldugerðar þegar unnið var úr gögnunum og í ljós kom að fjárhagsstaða fjölskyldunnar eins og börnin meta hana er ekki undir áhrifum frá fjölskyldugerð. Breytingar á lífsánægju eru að hluta til skýrðar með mismunandi samskiptum við foreldra og börn sem búa á Norðurlöndunum eru með hærri grunnlínu í lífsánægju.

En af hverju er þessi munur á kynjunum? Í niðurstöðum rannsóknar Piko (2001) kemur fram að drengir líta á vandamál sem áskorun. Aftur á móti draga stúlkur sig frekar í hlé við svipaðar aðstæður og gefast upp. St eru líklegri til að meta aðstæður meira hótandi og líta frekar á sjálfa sig á neikvæðan máta. Hugsanlega má skýra þennan mun kynjanna með mismunandi notkun bjargráða þar sem svo virðist sem drengir séu aldir upp í því að vera sjálfstæðari heldur en stúlkur.

Er munur á sálvefrænni líðan drengja og stúlkna fyrir og eftir efnahagshrun?

Árið 2007 birtu Steinhausen og Metzke rannsókn þar sem niðurstöður sýna að tíðni sálvefrænna einkenna, sem koma fram daglega hjá börnum 10-24 ára á þremur tímapunktum, jukust. Einkenni voru algengari hjá stúlkunum á öllum tímapunktum en hjá drengjum, sem er í samræmi við niðurstöður þessarar rannsóknar en þær sýndu breytingar á tíðni daglegra sálvefrænna einkenna milli ára. Þegar gögnin eru skoðuð nánar og skipt eftir kyni sést að það er munur á því hvernig kynin svara þeim spurningum sem liggja að baki breytunni sálvefræn líðan. Breytingar í skiptingu sálvefrænna einkenna voru meiri hjá stúlkunum en drengjunum. Það var aukning á einkennum sem þær fundu fyrir daglega í höfuðverk, depurð, þirring, bakverk, taugaóstyrkleika, erfiðleika við að sofna og svima. Hjá drengjum var aukning á einkennum sem þeir fundu fyrir daglega í magaverk, depurð, þirring, bakverk, taugaóstyrkleika og svima. Skiptingin hjá drengjunum var jafnari en hjá stúlkunum. Stúlkur virðast hafa átt erfiðara með að sofna en drengirnir bæði árin. Ekki var marktækur munur árið 2006 á milli kynjanna en árið 2010 er munurinn marktækur. Er það í samræmi við niðurstöður Tamminen og féлага (1991) þar sem sálvefræn einkenni eru svipuð fyrir kynþroskann hjá báðum kynjum en eftir kynþroskann eru þau algengari hjá stúlkum en í þeirri rannsókn samþykktu bæði foreldrar og kennarar frekar kvartanir stúlkna heldur en drengja. Ef til vill er lítið á það þannig að drengirnir eigi að vera harðari af sér á meðan stúlkur mega frekar sýna viðkvæmni.

Þegar skoðuð er myndræn framsetning á sálvefrænni líðan stúlkna og drengja sést munurinn greinilega. Breytingin hjá drengjum er jafnari en hjá stúlkunum. Mesta athygli rannsakenda vakti aukningin á miðlungslíðan stúlkanna, hún fór úr 180 árið 2006 í 334 einstaklinga árið 2010. Dreifing stúlkanna hefur breyst milli ára og afleiðing þess er sú mikla aukning sem sést í miðlungslíðan þeirra. Mögulegar skýringar á þessari breytingu geta verið nokkrar. Hugsanlega er það vegna áhrifa frá efnahagshruninu og efnahagslægðinni eða vegna annarra áhrifa s.s. þroskabreytinga t.d. í kynþroska, félagslegum þroska og s.frv., áhrifa frá vinum og kunningjum eða félagslegrar stöðu.

Tilgáturnar sem settar voru fram um sálvefræna líðan drengja og stúlkna fyrir og eftir efnahagshrun voru „sálvefræn líðan grunnskólanemenda hefur versnað milli ára“ og „sálvefræn líðan stúlkna er verri en hjá drengjum milli ára“. Sálvefræn líðan grunnskólanemenda versnaði milli ára en árið 2006 var meðaltalið 2,82 en 3,62 árið 2010 og er marktækur munur sem styður fyrri tilgátuna. Komið hefur fram að munur var á svörum stúlkna og drengja og því stóðst seinni tilgátan einnig.

Niðurstöður rannsóknar Steinhausen og Metzke (2007) sýnir að einkenni eru algengari meðal stúlkna á mismunandi tímum og að eftir því sem tíminn líður versna verkir hjá þeim sem voru með verki í upphafi. Á öllum þremur árunum (1994, 1997 og 2001) voru stúlkurnar með hærri tíðni varðandi magaverk. Á árunum 1994 og 1997 voru þær einnig með hærri tölur fyrir ógleði. Það sýnir sig í þeirri rannsókn að fleiri eru með magaverk, ógleði og verki meðal 13-20 ára stúlkna en þarna verður líka að taka tillit til þess að stúlkur byrja á blæðingum á þessum aldri sem geta orsakað svipuð einkenni. Tíðni höfuðverkja er há hjá báðum kynjum en stúlkurnar eru þó með hærri tíðni en drengirnir og eins er um þreytu. Veik fylgni var á mun milli kynjanna á öllum þremur árunum.

Það er auðvelt að sjá sálvefræn einkenni hjá börnum og greina þörf fyrir úrræði í samfélaginu. Því fyrr sem vandamálin eru greind því fyrr er hægt að leysa þau. Þeir

einstaklingar sem eru útsettir fyrir einkennum sem börn eru líklegri til að taka þau með sér inn í fullorðinsárin og sálvefrænir sjúkdómar koma jafnvel í kjölfarið (Steinhausen og Metzke, 2007).

Hefur slæm fjárhagsstaða fjölskyldunnar áhrif á sálvefræna líðan barna?

Vandamál tengd sálrænni líðan tengjast vissulega fátækt. Foreldrar sem eru fátækir eru líklegri til að vera við lélega heilsu, bæði sálræna og líkamlega. Þegar foreldrar sýna einkenni þunglyndis og þirringis virðist það tengjast rífrildum við unglunga sem leiðir til verri tilfinningalegs, félagslegs og vitræns þroska barnsins/unglingsins. Hinsvegar hefur fátækt ekki jafn mikil áhrif á sálræna líðan og hún hefur á geðræna heilsu. Rannsóknir hafa leitt í ljós að geðheilsa foreldra á þátt í áhrifum félagslegfræðilegrar stöðu á heilsu og líðan barns (Brooks-Gunn og Duncan, 1997).

Vegna fátæktar takmarkast aðgangur barna að réttri þroskaörvun og gerir þau útsettari fyrir stressi í bæði líkamlegu og sálrænu umhverfi þeirra (Dearing, 2008). Máli skiptir hvernig börnin bregðast við áreiti en ef áreitið er undir þeirra stjórn eru þau líklegri til að sýna færri ytri hegðunareinkenni og búa yfir meiri félagsfærni en ef þau nota virk bjargráð á áreiti sem er utan þeirra stjórnar (t.d. veikindi aðstandenda) (Clarke, 2006).

Það var munur á milli ára hjá þeim sem mátu fjárhagsstöðu fjölskyldu sinnar góða og höfðu góða sálvefræna líðan, þeim fækkaði umtalsvert. En einnig kom það fram að þeir sem bæði höfðu slæma fjárhagsstöðu og slæma sálvefræna líðan fjölgaði verulega á milli ára. Rannsókn sem gerð var í Svíþjóð á sálvefrænum einkennum hjá 10-18 ára börnum sýnir að fjárhagslegir erfiðleikar (að eiga ekki varasjóð) tengist þeim þremur sálvefrænu einkennum sem skoðuð voru, höfuðverk, magaverk og erfiðleika við að sofna, og einnig að það var munur á milli kynja varðandi tíðni einkenna. Fyrir kynþroskann fundu stúlkur meira fyrir höfuðverk og magaverk en drengirnir og munurinn jókst með aldri. Niðurstöður þeirrar rannsóknar sýna fram á að fjárhagslegir erfiðleikar fremur en félagsleg staða hafa áhrif á

sálvefræn einkenni hjá sænskum skólabörnum. Reynslan í Svíþjóð hefur sýnt fram á að fjárhagslegar þrengingar tengjast efnislegri og efnahagslegri stöðu barna þar sem fjárhagsstaða fjölskyldunnar hefur áhrif á hvernig líf foreldrar geta búið börnum sínum (Östberg, Alfven og Hjern, 2006).

Rannsóknir hafa verið gerðar á fjölskyldum sem eru undir fátæktarmörkum. Í þeim kemur í ljós að margir foreldranna neita sér um ýmsa hluti til að geta veitt börnum sínum það sem þeir telja nauðsynlegt. Þannig reyndist helmingur þeirra foreldra sem rætt var við eiga börn sem ekki bjuggu við fátækt. Einnig hafa verið gerðar aðrar rannsóknir sem sýna sambærilegar niðurstöður. Því er það nokkuð vel staðfest að stór hópur þeirra foreldra sem býr við tekjur undir skilgreindum fátæktar- eða lágtekjumörkum nær að hlífa börnum sínum við áhrifum fátæktar, þannig að þau þurfa ekki að líða skort og hafa sömu möguleika og aðrir jafnaldrar þeirra. Þetta á þó aðallega við þegar um fátækt í skamman tíma er að ræða (Guðný Björk Eydal og Jeans, 2008).

Niðurstöður finnskrar samanburðarrannsóknar sem vinnur með gögn frá 1989-1999 og birt er 2005 undirstrika mikilvægi þess að ræða við börnin sjálf í bæði rannsóknar- og klínísku umhverfi þar sem foreldrar og börn eru ekki alltaf sammála um tilvist sálvefrænna einkenna, sérstaklega varðandi atriði sem eru óljós eða almenns eðlis. Telja greinarhöfundar að sjáanlegur kynjamunur geti að hluta til verið útskýrður með mismunandi væntingum samfélagsins til hlutverka kynjanna. Stúlkur með ofvirkni- og hegðunvandamál geti verið undir meira álagi en drengir með sömu vandamál þar sem þær falla ekki í hið hefðbundna, óvirka og hógværa hlutverk stúlkna og geti því þjást af fleiri sálvefrænum einkennum fyrir vikið (Santalahti, Aromaa, Sourander, Helenius og Piha, 2005).

Samantekt

Gögn rannsóknarinnar studdu þá niðurstöðu að munur sé á lífsánægju kynjanna milli ára. Stúlkur mátu lífsánægju sína betri en drengir árið 2006 en þær voru komnar niður fyrir

drengina í mati á lífsánægju árið 2010. Grunnskólanemendum sem mátu fjárhagsstöðu fjölskyldu sinnar góða fækkaði en þeim fjölgaði sem mátu hana miðlungs eða slæma. Þeim hafði einnig fjölgað sem mátu lífsánægju sína undir 6 í Stiga Cantrils. Þá var einnig fjölgun í hópi þeirra grunnskólanemenda sem mátu lífsánægju sína undir 6 og líka fjárhagsstöðu fjölskyldu sinnar slæma um 4,26% milli ára.

Það var mikil aukning í hópnum sem mat fjárhagsstöðu fjölskyldunnar slæma og hafði slæma sálvefræna líðan á milli ára. Því telja rannsakendur að slæm fjárhagsstaða hafi neikvæð áhrif á sálvefræna líðan barna og er það í samræmi við rannsókn frá Svíþjóð þar sem fjárhagslegir erfiðleikar tengdust höfuðverk, magaverk og erfiðleikum við að sofna. Einnig virtist sálvefræn líðan hafa versnað milli áranna 2006 og 2010 og að sálvefræn líðan stúlkna væri verri en drengja sé litið til sama tímabils. Einnig var munur milli kynja varðandi tíðni einkenna. En niðurstöðurnar voru ekki marktækar á milli kynjanna árið 2006 en munurinn milli kynja var marktækur árið 2010.

Kafla 6

Notagildi rannsóknar og tillögur að framtíðarrannsóknum

Í þessum kafla verður gert grein fyrir takmörkunum rannsóknarinnar og gildi hennar innan hjúkrunar og annarra stétta sem hafa afskipti af grunnskólanemendum. Í lok kaflans eru settar fram hugmyndir rannsakenda að framtíðarrannsóknum tengdum efninu.

Takmarkanir rannsóknarinnar

Helstu takmarkanir rannsóknarinnar eru nokkrar. Fyrst ber að nefna reynsluleysi rannsakenda í gerð rannsókna þar sem þetta er í fyrsta skipti sem þeir framkvæma rannsókn. Einnig voru að þeirra mati kröpp tímamörk sem þeir höfðu. Rannsakendur þurftu að áætla sálræna líðan út frá sálvefrænum einkennum og stiga Cantrils sem mælir lífsánægju. Eingöngu voru tekin gögn frá árunum 2006 og 2010 og spurningar um mat á fjárhagsstöðu fjölskyldunnar, lífsánægju og sálvefræn einkenni. Einungis var skoðaður einn árgangur en til að geta yfirfært niðurstöður á fleiri árganga hefði verið hægt að taka gögn frá fleiri bekkjum og skoðuð fleiri ár.

Hagnýtt gildi rannsóknar fyrir hjúkrun

Niðurstöður þessarar rannsóknar koma að góðum notum fyrir hjúkrunarfræðinga þegar kemur að forvarnarstarfi í skólahjúkrun og á heilsugæslustöðvum, til að ítreka mikilvægi þess að koma auga á þessi sálvefrænu einkenni og grípa til viðeigandi ráðstafana. Eitt af mörgum hlutverkum hjúkrunarfræðinga er að efla heilbrigði, bæta líðan og lina þjáningar. Niðurstöður þessarar rannsóknar geta því hjálpað þeim að sinna því hlutverki með því að undirstrika vísbendingar sem sálvefræn einkenni geta gefið um sálræna líðan. Hjúkrunarfræðingar innan skólans og heilsugæslunnar eru í lykilhlutverki þegar kemur að heilsuefningu barna og því mikilvægt að þeir geri sér grein fyrir þessum einkennum sem geta endurspeglað sálræna líðan þeirra. Einnig hafa þessir aðilar aðgang að foreldrum barnanna og eru því í góðri aðstöðu til

að fræða þá um leiðir til að takast á við áreiti og lífsviðburði sem geta komið upp í lífi barna þeirra.

Margar rannsóknir hafa varpað ljósi á þær afleiðingar sem efnahagskreppan í Finnlandi hafði í för með sér. Þar sem margt er líkt með efnahagskreppu Finna og þeirri sem skall á Íslandi haustið 2008 getur þessi rannsókn vakið heilbrigðisstarfsfólk til umhugsunar um hugsanlegar afleiðingar kreppunnar. Fjölskyldur landsins hafa verið staddar í miklum ólgusjú þegar horft er til fjárhagslegra aðstæðna. Svo virðist sem farið sé að sjá fyrir endann á þessum efnahagslegu þrengingum og því er enn mikilvægara að fylgjast vel með líðan grunnskólanemenda og annarra íbúa landsins svo við lendum ekki í því sama og Finnar, en þeir sem ólust upp í kreppunni þar glímdu við mikla sálræna erfiðleika í kjölfarið.

Hagnýtt gildi fyrir hjúkrunarrannsóknir

Einnig er mikilvægt að heilbrigðisstarfsfólk sé alltaf meðvitað um einkenni sálvefrænnar líðanar því orsakir þeirra geta verið af ýmsum toga, s.s. vegna eineltis og áfalla innan fjölskyldunnar. Heilbrigðisstarfsfólk ætti að nýta sér þessar niðurstöður ásamt reynslu Finna til að hjálpa samfélaginu að takast á við afleiðingar bágrar fjárhagsstöðu fjölskyldunnar. Rannsóknir á þessu málefni hafa ekki einungis hagnýtt gildi fyrir hjúkrunarfræðinga, heilbrigðisstarfsmenn og þá fagaðila sem koma að málefnum grunnskólanemenda heldur einnig fyrir stjórnvöld, skólastjórnendur og þá sem taka þátt í félagsmótun grunnskólanemenda til þess að finna hvar þörf er fyrir aukið fjármagn og endurskipulagningu deilda. Niðurstöður þessarar rannsóknar koma með þarft innlegg inn í þá umræðu þar sem niðurstöður annarra hafa bent á að börn og unglingar taka með sér afleiðingar lífsviðburða upp á fullorðinsárin. Afleiðingarnar þess gætu verið aukið álag á heilbrigðisstofnanir á næstu árum.

Hagnýtt gildi fyrir hjúkrunarstjórnun

Stjórnendur í hjúkrun þurfa að gera sér grein fyrir hvort og hvenær þörf er á endurskipulagningu deilda/stofnana. Einnig þurfa þeir að vita hvar og hver þörfin er til að kalla á aukið fjármagn til að standa straum af þeim breytingum sem þarf að fara í. Þjónustuna þarf að skipuleggja þannig að ekki sé vöntun í samfélaginu á þeirri þjónustu sem þörf er á. Á tímum niðurskurðar er mikilvægt að vera vakandi fyrir samfélagsbreytingum því niðurskurður getur komið illa niður á þá sem síst mega.

Því þurfa stjórnendur að fylgjast vel með rannsóknum og hvað þeir geta nýtt til endurbóta á sínum deildum/stofnunum. Fagmennska er byggð á gagnreyndri hjúkrun og því mikilvægt að fylgjast vel með til að viðhalda fagmennsku og þjónustustigi þannig að hagsmunir skjólstæðingsins séu hafðir að leiðarljósi.

Hagnýtt gildi fyrir hjúkrunarmenntun

Eitt af mörgum hlutverkum hjúkrunarfræðinga er að koma þekkingu sinni áleiðis til næstu kynslóðar fagstéttarinnar og því þurfa þeir að viðhalda þekkingu sinni og kunnáttu. Með því að afla sér nýrrar þekkingar, framkvæma rannsóknir og kynna sér niðurstöður annarra rannsókna eru þeir að uppfylla það hlutverk sitt.

Í þessari rannsókn er verið að skoða áhrif fjárhagsstöðu á lífsánægju og sálvefræna líðan grunnskólabarna sem er mikilvægt fyrir menntun hjúkrunarfræðinga svo þeir séu vakandi fyrir einkennum sem benda til lélegrar sálrænnar líðanar og geti brugðist við í störfum sínum þegar þeir koma út á vinnumarkaðinn.

Hagnýtt gildi fyrir samfélagið

Til að búa börnum okkar betra samfélag er vert að huga að niðurstöðum þessarar rannsóknar. Þessi börn eiga eftir að verða fullorðnir einstaklingar sem taka þátt í samfélaginu en ef ekki er komið til móts við vanda þeirra sem efnahagslægdin sem nú ríkir gerir

þungbærari eru líkur til að vandamálin verði enn til staðar á fullorðinsárum og það mun hamla því að þau verði virkir þegnar samfélagsins.

Tillögur að framtíðarrannsóknum

Rannsakendum finnst mikilvægt að gerðar verði frekari rannsóknir á efninu hvort sem það líti að lífsánægju grunnskólanema, sálvefrænni líðan þeirra eða áhrif slæmrar fjárhagsstöðu fjölskyldunnar á líðan þeirra í framtíðinni. HBSC spurningalistinn er að mati rannsakenda afar vannytt tæki til að fylgjast með þróun þátta sem snúa að börnunum okkar. Sem dæmi um athyglisverð rannsóknarefni má nefna:

- Lýsandi rannsókn sem myndi skoða nánar ástæðu kynjamuns á sálvefrænni líðan grunnskólanemenda.
- Viðtalsrannsókn sem myndi kanna þekkingu og viðhorf skólahjúkrunarfræðinga til sálvefrænna einkenna og sálrænnar líðanar barna.
- Samanburðarrannsókn á niðurstöðum HBSC rannsóknarinnar á sálvefrænni líðan og lífsánægju grunnskólanemenda fædda 1994 við önnur ríki til þess að sjá hvar Ísland stendur í alþjóðlegu samhengi.
- Lýsandi rannsókn með gögnum úr HBSC rannsókninni þar sem skoðaðir eru aðrir árgangar á Íslandi með tilliti til lífsánægju og sálvefrænnar líðanar.
- Eigindlega rannsókn meðal grunnskólanemenda í 10. bekk þar sem spurt væri út í líðan þeirra eftir hrun og áhrif þess á lífsánægju þeirra.
- Eigindleg rannsókn þar sem kannað er viðhorf og þekking foreldra á áhrifum efnahagsþrenginga á börnin.
- Hægt væri að kanna í framtíðinni með þverfaglegri rannsókn líðan barna og tengsl við námsárangur þeirra.

Samantekt

Niðurstöður rannsóknar þessarar sýna að lífsánægja grunnskólanemenda og sálvefræn líðan þeirra hefur versnað frá árinu 2006 til ársins 2010. Sama má segja um fjárhagsstöðu fjölskyldunnar að mati grunnskólanemendanna á sama tíma. Þær tilgátur sem settar voru fram í upphafi rannsóknarinnar stóðust og voru niðurstöður rannsóknarinnar studdar með fræðilegu efni sem rannsakendur lásu.

Mikilvægt er að koma í veg fyrir neikvæðar afleiðingar í kjölfar efnahagshrunsins og þá sérstaklega fyrir sálvefræna líðan og lífsánægju grunnskólanemenda og því er nauðsynlegt að fylgjast vel með þróun mála. Rannsóknir á þessu sviði hafa hagnýtt gildi fyrir heilbrigðisstarfsfólk en ekki síður fyrir stjórnvöld, skólastjórnendur og þá sem koma að félagsmótun grunnskólanemenda af þessum sökum. Rannsakendur vonast til að niðurstöðurnar verði til þess að fagfólk innan heilbrigðiskerfisins og menntakerfisins verði meðvitaðra um áhrif fjárhagserfiðleika á það mótunartímabil sem bernskan er og áhrif þess fram á fullorðinsár. Þannig er hægt að koma viðeigandi fræðslu og aðstoð til þeirra sem þurfa á því að halda.

Heimildaskrá

- Amalía Björnsdóttir. (2003). Útskýringar á helstu tölfræðihugtökum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Aðferðafræði rannsókna í heilbrigðisvísindum* (bls. 115-129). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir. (2009). *Áhrif kreppunnar á börn og unglinga*. Sótt af http://www.velferdarraduneyti.is/radherra/Raedur_og_greinar_ARJ/nr/4294
- Bjarnason, T., Bendtsen, P., Arnarsson, A. M., Borup, I., Iannotti, R. J., Löfstedt, P....Niclasen, B. (2010). Life satisfaction among children in different family structures: A comparative study of 36 Western Societies. *Children & Society*, 1-12. doi: 10.1111/j.1099-0860.2010.00324.x
- Bradshaw, J. og Richardson, D. (2009). An index of child well-being in Europe. *Child Ind Res*, 2(3), 319-351. doi: 10.1007/s12187-009-9037-7
- Brooks-Gunn, J. og Duncan, G. J. (1997). The effects of poverty on children. *Children and Poverty*, 7(2), 55-71.
- Buck, K. A. og Dix, T. (2011). Can developmental changes in inhibition and peer relationships explain why depressive symptoms increase in early adolescence? *Journal of Youth Adolescence*. Í prentun. doi: 10.1007/s10964-011-9651-9
- Burns, N. og Grove, S. K. (2009). *The practice of nursing research: Appraisal, synthesis og generation of evidence* (4. útgáfa). St. Louis: Elsevier Saunders.
- Clarke, A. T. (2006). Coping with interpersonal stress and psychosocial health among children and adolescents: a meta-analysis. *Journal of Youth and Adolescence*, 35(1), 11-24. doi: 10.1007/s10964-005-9001-x
- Dearing, E. (2008). Psychological cost of growing up poor. *Annals of the New York Academy of Sciences*, 1136, 324-332. doi: 10.1196/annals.1425.006

Economic crisis (e.d.). Sótt af <http://www.businessdictionary.com/definition/economic-crisis.html>

Engilbert Sigurðsson, Guðný Björk Eydal, Guðrún Sigurjónsdóttir, Hafrún Kristjánsdóttir, Matthías Halldórsson og Salbjörg Bjarnadóttir. (2009). *Skýrsla nefndar um sálfélagsleg viðbrög (NSV) við efnahagskreppunni*. Reykjavík: Heilbrigðisráðuneytið.

Goosby, B. J. (2007). Poverty duration, maternal psychological resources and adolescent socioemotional outcomes. *Journal of Family Issues*, 28(8). 1113-1134. doi: 10.1177/0192513X07300712

Guðný Björk Eydal og Jeans, C. L. (2008). Börn og fátækt. *Tímarit félagsráðgjafa*, 3, 17-25

Guðrún Árnadóttir. (2003). Þróun mælitækja: Stöðlun, réttmæti og áreiðanleiki. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Aðferðafræði rannsókna í heilbrigðisvísindum* (bls. 411-444). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Guðrún Guðmundsdóttir. (2006). *Geðheilbrigði ungra barna*. Sótt af <http://www.landlaeknir.is/Pages/577>

Hagstofa Íslands. (2008). Lágtekjumörk og tekjudreifing 2003–2005. *Hagtíðindi*, 25 (93). Reykjavík: Höfundur.

Hagstofa Íslands. (2010a). Fjárhagsstaða heimilanna 2004-2010. *Hagtíðindi*, 95(68). Reykjavík: Höfundur.

Hagstofa Íslands. (2010b). *Landshagir 2010* (Hagskýrslur Íslands III). Reykjavík: Höfundur.

Halldórsson, M., Cavelaars, A. E. J. M., Kunst, A. E. og Mackenbach, J. P. (1999). Socioeconomic differences in health and well-being of children and adolescents in Iceland. *Scandinavian Journal of Public Health*. 1, 43-47. doi: 10.1177/14034948990270011501

Harold, G., Pryor, J. og Reynolds, J. (2001). What matters about conflict? Í J. Reynolds (ritstjóri), *Not in front of the children* (bls. 1-8). London: One Plus One.

- Haukur Sigurðsson. (2008). *Hvað getum við lært af reynslu Finna?: Geðheilbrigðisleg og félagsleg áhrif efnahagslæggða og ráðleggingar til íslenskra stjórnvalda*. Sótt af <http://www.mbl.is/media/76/1176.pdf>
- Kjartan Ólafsson.(2003). Grunnatriði í SPSS. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 131-161). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Kraft, K. (2001). Unemployment and the separation of married couples. *Kyklos*, 54, 67-88.
- Leinonen, J., Punamäki, R. L. og Solantaus, T. (2004). Children's mental health in times of economic recession: Replication and extension of the family: Economic stress model in Finland. *Developmental Psychology*, 40(3), 412-429. doi: 10.1037/0012-1649.40.3.412
- Leinonen, J., Solantaus, T. og Punamäki, R. L. (2002). The specific mediating paths between economic hardship and the quality of parenting. *International Journal of Behavioral Development*, 26(5), 423-435. doi: 10.1080/01650250143000364
- McLeod, J. D. og Shanhan, M. J. (1993). Poverty, parenting and children's mental health. *American Sociological Review*, 58(3), 351-366.
- Organisation for Economic Co-operation and Development (2009). *OECD Economic Surveys: Iceland*. Frakkland: Höfundur.
- Papp, L. M., Cummings, E. M. og Goeke-Morey, M. C. (2009). For richer, for poorer: Money as a topic of marital conflict in the home. *Family Relations* 58, 91–103.
- Piko, B. (2001). Gender differences and similarities in adolescents ways of coping. *The Psychological Record*, 51, 223-235.
- Qvortrup, J. (1993). Societal position of childhood: the international project Childhood as a Social Phenomenon. *Childhood*, 1(2). 119-124. doi: 10.1177/090756829300100207

- Santalahti, P., Aromaa, M., Sourander, A., Helenius, H. og Piha, J. (2005). Have there been changes in childrens' psychosomatic symptoms? A 10-year comparison from Finland. *Pediatrics*, 115(4), 434-442. doi: 10.1542/peds.2004-1261
- Sigurður Kristinsson. (2003). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 161-181). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigurlína Davíðsdóttir.(2003). Eigindlegar og megingdlegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 219-237). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Steinhausen, H. C og Metzke, C. W. (2007). Continuity of functional-somatic symptoms from late childhood to young adulthood in a community sample. *Journal of Child Psychology and Psychiatry*, 48(5), 508-513. doi:10.1111/j.1469-7610.2006.01721.x
- Tamminen, T. M., Bredenberg, P., Escartin, T., Kaukonen, P., Puura, K., Rutanen, M... Salmelin, R. (1991). Psychosomatic symptoms in preadolescent children. *Psychother Psychoseom*, 56, 70-77. doi: 10.1159/000288533
- Tárki Social Research Institute Inc og Applica (2010). *Child poverty and child well-being in the European Union*. (skýrsla gerð fyrir Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins). Brüssel: Tárki og Applica.
- Veenhoven, R. og Hagerty, M. (2006). Rising happiness in nations 1946-2004: A reply to Easterlin. *Social Indicators Research*, 79, 421-436. doi: 10.1007/s11205-005-5074-x
- Vinnumálastofnun. (2011). *Staða á vinnumarkaði: Desember 2010*. Reykjavík: Höfundur.
- Þorlákur Karlsson. (2003). Spurningakannanir: Uppbygging, orðalag og hættur. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Aðferðafræði rannsókna í heilbrigðisvísindum* (bls. 331-335). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Þóroddur Bjarnason, Stefán Hrafn Jónsson, Kjartan Ólafsson, Andrea Hjalmsdóttir og

Aðalsteinn Ólafsson. (2006). *Heilsa og lífskjör skólanema 2006* (Landshlutaskýrsla).

Akureyri: Háskólinn á Akureyri og Lýðheilsustöð.

Östberg, V., Alfven, G. og Hjern, A. (2006). Living conditions and psychosomatic complaints in Swedish schoolchildren. *Acta Pædiatrica*, 95(8), 929-934. doi:

10.1080/08035250600636545

Fylgiskjal A

Spurningalisti HBSC fyrir 6. bekk 2006 (C-form).

Fylgiskjal B

Spurningalisti HBSC fyrir 10. bekk 2010 (fyrir eldri nemendur).